# NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI **511 1188**

APRÍL 2013 • 4. TBL. • 26. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Domino's Pizza
PANTAÐU Á NETINU
www.dominos.is sími 58 12345

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

Pizza Hróa Höttur Restaurant
Hringbraut 119
Sími: 55 44444


# Á sjöunda hundrað á Gróttudegi



**Áætlað er að hátt í 700 manns hafi mætt á Fjölskyldudaginn í Gróttu, sem haldinn var hátíðlegur í 12. sinn, laugardaginn 13. apríl. Gestir létu ekki lágar hitatölur á sig fá heldur bjuggu sig upp og nutu alls þess sem dagurinn hafði upp á að bjóða.**

Börnin sóttu smiðjur í vitagerð og rannsóknum úr sjávarríkinu, djasstónlistarmenn léku undir berum himni, börnin söfnuðu gersemum úr fjörunni og færri en vildu komust upp í vita. Sóroptimistakonur stóðu vöffluvaktina, en eftirspurnin var svo mikið að soppan var búin mun fyrr en ráð var gert fyrir. Fræknir sjósundsfélagar stungu sér til sunds frá golfvellinum og syntu yfir í Gróttu þar sem Rótarýfélagar tóku vel á móti hópnum með heitri fiskisúpu. Áður en eiginleg dagskrá hófst voru Sr. Bjarni Þór Bjarnason og Friðrik Vignisson með stutta hugvekju í tilefni dagsins.


***Sjá myndir á bls. 7.***



Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080
Verslum við litla manninn



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.

Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn

Hafðu bankann með þér

Íslandsbanki

# NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

**ÚTGEFANDI:** Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. **S: 511 1188 • 895 8298**
**RITSTJÓRI:** Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson • **BLAÐAMAÐUR:** Þórður Ingimarsson
**UMBROT:** Valur Kristjánsson • **NETFANG:** borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
**Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi**


*Leiðari*

## Miklar sviptingar í aðdraganda kosninga

Miklar hræringar og sviptingar eru í uppsiglingu í aðdraganda kosninga til Alþingis sem fram fara um næstu helgi. Þjóðin virðist alls ekki vera búin að jafna sig eftir hrunið. Þegar kosið var haustið 2009 mátti búast við nokkurn tíma tæki – jafnvel þrennar til fernar kosningar að fólk jafnaði sig á þeim hamförum sem hér urðu af mannavöldum. Ekki hefur heldur verið uppbyggilegt að horfa á stjórnmálamenn okkar á hinu háa Alþingi. Þeir hafa ekki náð að höndla stöðuna eða aðstæðurnar sem við Íslendingar vorum búnir að koma okkur í.

Vonandi verður tekið allt öðruvísi á málum þegar nýtt Alþingi kemur saman og að þá reyni menn að stjórna landinu í sátt og samlyndi í stað þeirra átakastjórnmála sem ástunduð hafa verið með litlum árangri. Segja má um margar sveitastjórnir að þær hafi mikið betur getað starfað saman og af heilindum fyrir sín bæjarfélög og sýnt miklu meiri þroska en stjórnmálamennirnir sem starfa niður við Austurvöll. Nú býður þjóðin spennt eftir því hvort við fáum þroskaðri stjórnmálamenn en við höfum haft.

*K*


# Aðalfundur framundan?

## Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

EIGNAumsjón

www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.


# Rotarymenn gera upp forna steinbryggju



**Gamla steinbryggjan við Gróttu á Seltjarnarnesi hefði líklega horfið í gleymskunnar dá ef ekki hefði verið fyrir áhuga og elju Rótarýmanna á Seltjarnarnesi sem ákváðu að taka málið í sínar hendur. Að sögn Guðmundar Ásgeirssonar formanns Gróttunefndar Rótarýklúbbs Seltjarnarness vita menn ekki nákvæmlega hvenær bryggjan var upphaflega reist, en líklegt þykir að Vitamálastofnun hafi gert hana á þriðja áratugnum fyrir fyrsta vitavörð Gróttu Þorvarð Einarsson, sem var með útgerð og reri frá Gróttu. En þess er minnst um þessar mundir að 150 ár eru liðin frá fæðingu Þorvarðar.**

Rótarýklúbbur Seltjarnarness hefur lengi haft áhuga á að færa bryggjuna aftur í upprunalegt horf en árið 1973 fékk klúbburinn afhenta verbúð Alberts, sem gengur undir heitinu Albertsbúð, sem þá var að hruni komin og gerði hana upp og stækkaði í átt að vitanum. Verbúðin var á sínum tíma veiðafærageymsla vitavarða. Rótarýklúbburinn fékk Seltjarnarnesbæ til liðs við sig til að standa sameiginlega að uppbyggingu bryggjunnar. Starfsmaður bæjarins, Vilhjálmur Garðarsson hefur borið hita og þunga af smíði bryggjunnar úti í Gróttu af mikilli útsjónarsemi og elju að sögn Guðmundar.

Guðmundur segir að bryggjan hafi verið að hruni komin. Ysti hlutinn er steinhleðsla sem er 20 metrar að lengd og 4,2 metrar að breidd. Nú þegar er búið að hlaða hana upp og steypa dekkplötu ofan á hana. Næsti áfangi uppbyggingarinnar er frágangur á steinvegg upp við verbúðina sem lýkur í apríl. Eyjunni er lokað fyrir allri umferð frá 1. maí til 15. júlí vegna fuglaverndunar en þá er óheimilt að fara um svæðið. Þegar opnað verður fyrir umferð að nýju verður hafist handa við að byggja trébryggjuna sem liggur frá steinhleðslunni að verbúðinni, en sá hluti er 30 metrar að lengd og tveir metrar að breidd.

Búið er að útvega stólpa og trégólf og því geta framkvæmdir hafist við lokasmíðina þegar eyjan verður opnuð að nýju.

## Nesbúinn



**Nú eru svo margir listar að það tekur allann daginn að kjósa!**




# Það er bara einn flokkur sem mun koma atvinnulífinu í gang

Góð og vel launuð störf eru grundvöllur velferðar fólksins í landinu. Þess vegna þarf öflugt atvinnulíf sem býr við stöðugleika og hvetjandi skilyrði.

- Afnemum gjaldeyrishöft
- Lækkum skatta og gjöld
- Eflum einkaframtak og nýsköpun
- Minnkum ríkisafskipti og miðstýringu

## Komum Seltirningum á þing!

**Sjálfstæðisflokkurinn í Suðvesturkjördæmi** › NÁNAR Á 2013.XD.IS

XD

# Viðamiklar bæjarframkvæmdir í sumar

**Sumarið er tími framkvæmda og því þótti Nesfréttum við hæfi að taka hús á bæjarverkfræðingnum Stefáni Eiríki Stefánssyni og spyrjast fyrir um hvað bæri hæst í framkvæmdaáætlun bæjarins þetta sumarið. „Ég held að bæjarbúar ættu ekki að fara varhluta af þeim framkvæmdum sem fyrir liggja í sumar og eru nú þegar hafnar að einhverju leyti“, segir Stefán.**

„Ef ég byrja á gatnaframkvæmdum þá verða Unnarbraut, Kirkjubraut og hluti af Valhúsabraut malbikaðar í sumar og að öllum líkindum Sævargarðar líka. Samhliða þessum framkvæmdum verður nokkrum ljósastaurum skipt út, m.a. við Kirkjubraut og Sævargarða. Gera má ráð fyrir nokkurri röskun við Unnarbraut, það er að segja U-hluta Unnarbrautar, en þar verða jarðvegsskipti og allar fráveitu og vatnslagnir í götunni endurnýjaðar. Þetta mun líklega valda íbúum einhverri röskun, en við þessar framkvæmdir sem og aðrar eru bæjarbúar beðnir um að sýna biðlund og skilning.“ Stefán segir að af öðrum gatnaframkvæmdum megi nefna að gert er ráð fyrir að setja upp hringtorg á Nesvegi, milli Hrólfsskálamels og Mýrarhúsaskóla, sem er hugsað sem útsleppistöð fyrir foreldra sem eru að aka börnum sínum í skólann.

## Gangstéttar og hjólabrautir

„Annað sem unnið verður að í sumar er að gangstéttar við Sævargarðar og Unnarbraut verða endurnýjaðar og einnig hluti af gangbrautum Kirkjubrautar og Lindarbrautar. Samhliða gangstéttaframkvæmdinni á Lindarbraut verður lagður um það bil 600 til 700 metra „hitaveitureitur“ sem mun ná að Bygggörðum. Hjólastígur verður lagður frá leikskólanum að Norðurströnd og hljóðmön verður sett upp samhliða lagningu hans á hluta leiðarinnar. Á nýja göngustíginn frá Nesvegi niður að Steinavör verður sett miðlína sem aðgreinir hjólaumferð frá gangandi umferð.“ Stefán segir að eins og venja sé verði götur og gangstéttar sópaðar í sumar en auk þess á að endurnýja allar miðlínur og gangbrautir í bænum. Þá verða settar upp nýjar gangbrautir á Norðurströnd.

## Neyðarskolpútrás lengd

Stefán segir að til standi að lengja neyðarskólpútrásá horni Suðurstrandar og Norðurstrandar út í sjó um 15 metra og sé það gert til að uppfylla lagaákvæði um neyðarútrásir. „Aðrar framkvæmdir sem snúa að dælistöðvum eru þær að byggja á nýja skolpdælistöð við Sæból við Nesveg og framvegis verður því skólpi dælt í dælistöðina við Sörlaskjól. Þegar þeirri framkvæmd lýkur mun ekkert skolp fara út í sjó frá íbúum Seltjarnarness, sem er stór áfangasigur fyrir Seltjarnarnes.“ Á áætluninni í sumar er einnig gert ráð fyrir að að setja nýtt hitaveituhús yfir borholu sex, sem er á athafnasvæði áhaldahússins við Bygggarða. Stefán segir ánægjulegt að geta sagt frá því að strax í lok maí verður byrjað að dreifa blátunnum til íbúa þeim að kostnaðarlausu. Gera megi ráð fyrir að dreifingin taki um einn til tvo mánuði en samhliða henni verða sendir út kynningarbæklingar til íbúa sem skýra nánar út flokkun sorps og úrgangs. Stefán vill að lokum koma þeim skilaboðum til íbúa að nú sé verið að skipta út hitaveitumælum í húsum Seltirninga. „Því miður kom upp galli í hluta af þeim mælum sem búið er að setja upp og vil ég biðja íbúa um að gaumgæfa hvort nokkur leki hafi komið í kjölfar skiptanna. Ef fólk verður vart við það er einfaldast að setja sig í samband við þjónustuver bæjarins í síma 595-9100 þar sem nánari upplýsingar eru veittar”, segir Stefán að lokum.


**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Vönduð vinna - Gott verð**



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is



**Lausnir á skuldum heimilanna á mannamáli**

Seltirningar velkomnir á fræðslufund með Óla Birni Kárasyni varaþingmanni um úrræðin sem Sjálfstæðisflokkurinn býður upp til að lækka skuldir heimilanna.
Óli Björn fer yfir málið með dæmum. Tillögur Sjálfstæðismanna eru fyrir alla og geta lækkað höfuðstól húsnæðislána heimilanna um allt að 20% á 5 árum.
Úræðin eru fyrir alla sem skulda húsnæðislán og taka gildi strax.

Sjálfstæðisheimilið við Austurströnd 3,
kl. 17.30 til 19.00. Miðvikudaginn 24. apríl.

Allir velkomnir - Sjálfstæðisflokkurinn



**SKIPTU UM SKOÐUN**
Það er **ódýrara**.

| | |
|---|---|
| Tékkland | 8.945 |
| Aðalskoðun | 10.320 |
| Frumherji | 9.600 |

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartún / Holtagarðar / Reykjavíkurvegur / Akureyri / Sími 414 9900 / tekkland@tekkland.is / www.tekkland.is

Iceland

# ÞAÐ ER GAMAN AÐ VERSLA Í ICELAND, GRANDA

Í Iceland fást allar almennar heimilisvörur. Brakandi ferskt grænmeti og ávextir, nýtt kjöt og fiskur og frábært úrval af frystivörum innlendum sem erlendum og hreinlætisvörur í úrvali. Verið velkomin í bjarta og rúmgóða verslun þar sem hagkvæmt er að versla.




**Iceland leggur mikið upp úr því að færa viðskiptavinum sínum fyrsta flokks vörur á lágu verði. Við höldum úti öflugu eigin verðeftirliti til að tryggja að viðskiptavinir okkar njóti ávallt hagstæðra kjara. Þetta gerum við með því að kanna reglulega vöruverð hjá helstu keppinautum okkar.**

**Lengri afgreiðslutími!**

Opið frá kl. **9–20** alla daga
**Engihjalla og Granda**





# Stóra upplestrarkeppnin

**Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í Garðabæ þann 19. mars. Keppendur voru ellefu talsins. Þeir komu frá fjórum skólum í Garðabæ og Grunnskóla Seltjarnarness- Valhúsaskóla. Fyrir hönd Valhúsaskóla kepptu Ásdís Lóa Erlendsdóttir, Egill Breki Scheving og Silja Jónsdóttir. Varamaður var Ragna Kristín Guðbrandsdóttir.**

Nemendur lásu samfelldan texta úr skáldsögunni Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson, ljóð eftir Þóru Jónsdóttur og ljóð að eigin vali. Egill Breki Scheving í Valhúsaskóla varð í 1. sæti, Silja Jónsdóttir í Valhúsaskóla í 2. sæti og Jón Alfreð Sigurðsson í Vífilsskóla í 3. sæti.

Hátíðinni lauk með því að allir þátttakendur fengu bókargjöf og sigurvegarar auk þess peningaverðlaun og viðurkenningarskjal frá Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn.

# Áskorun til hundaeiganda á Seltjarnarnesi

**Ágætu hundaeigendur. Vinsamlegast virðið reglur um hundahald á SELTJARNARNESI og kynnið ykkur samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi á vefsíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is**

Undarfarið hafa átt sér stað atvik þar sem óskráðir hundar hafa valdið tjóni, því hafa eigendur þurft að greiða háar bætur. Hins vegar eru allir skráðið hundar tryggðir hjá tryggingafélaginu Sjóvá.

Að gefnu tilefni eru hundaeigendur hvattir til að hafa með sér poka þegar þeir viðra dýrin og hreinsa upp eftir þau jafnóðum

*Með vinsemd,*
*Ingimundur Kr. Helgason*
*hundaeftirlitsmaður*
*Seltjarnarnesbæjar*

# Ylströnd myndi skapa landvinninga



**„Ég tel að með gerð ylstrandar milli Snoppu og Gróttu værum við að auka lífsgæði barna okkar. Þau gætu kynnst hafinu, átt góðar stundir í náttúrunni og unað sér í volgum sjónum," segir listmálarinn og hugmyndasmiðurinn Sigurður K. Árnason um tillögu sína að gerð ylstrandar á milli Snoppu og Gróttu.**

„Fræðasetrið í Gróttu og eyjan sjálf bjóða upp á marga möguleika og á síðustu árum hefur orðið verulег aukning gangandi fólks um þetta svæði. Ég afhenti Ásgerði bæjarstjóra á dögunum útfærslu á þessari hugmynd minni," segir Sigurður og bætir við að hann hafi hitt marga sem hafa rætt þann möguleika að koma upp ylströnd og að hugmyndin hafi m.a. verið rædd á íbúafundi umhverfisnefndar í febrúar síðastliðnum. „Ég hef lengi gengið með þessa hugmynd í maganum, en nú ákvað ég að teikna upp hugsanlega útfærslu á henni, sem unnt væri að styðjast við ef áhugi væri fyrir því að gera ylströnd að raunhæfum möguleika. Með gerð ylstrandar eygi ég tækifæri á landvinningum fyrir Seltjarnarnes. Við erum með golfvöll og Gróttu og það er ljóst að ylströndin myndi laða að sér enn fleira fólk, auk þess sem ströndin byði bæjarbúum upp á fjölbreyttari valkosti í útivist", segir Sigurður. Hugmyndir Sigurðar felast í því að styrkja garðinn sunnan megin með landfyllingarefni, sem Seltjarnarnes á í ríkulegu magni núna, og veita heitu affallsvatni frá nálægri borholu undir sandinn þannig að hann haldist heitur hvort sem sjór flæðir yfir hann eða ekki. Í hugmyndum Sigurðar er gert ráð fyrir búningsaðstöðu fyrir karla og konur, litlum móttökuskála þar sem hægt er að njóta útsýnis til vesturs, heitum potti og turni fyrir vaktmann. Frá því að Sigurður flutti á Seltjarnarnesið árið 1959, hefur breyting og uppbygging bæjarfélagsins verið gríðarleg. Hann segist sjálfur ekki hafa komið fram með hugmyndir að úrbótum fyrir bæjarfélagið en það væri sannarlega spennandi að sjá þessa hugmynd verða að veruleika áður en langt um líður.

NES FRÉTTIR
Auglýsingasími:
511 1188

MUNIÐ HREINSUNARDAGINN
ÞRIÐJUDAGINN 30. APRÍL!

# Myndasyrpa frá Gróttudeginum








SELTJARNARNESBÆR

# ALÞINGISKOSNINGAR 27. APRÍL 2013

## KJÖRFUNDUR Á SELTJARNARNESI ER FRÁ KL. 09:00 TIL KL. 22:00 Í

## VALHÚSASKÓLA VIÐ SKÓLABRAUT

**Kjörskrá Seltjarnarnesbæja**r liggur frammi, almenningi til sýnis frá 17. apríl á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, í þjónustuveri á 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

**Kosning utan kjörfundar** til kjördags er í Laugardalshöll alla daga frá 15. apríl kl. 10:00 til kl. 22:00

**Kjörfundur á Seltjarnarnesi** þann 27. apríl 2013, er í Valhúsaskóla við Skólabraut og hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

**Kosið er í þremur kjördeildum,** eins og verið hefur í undanförnum kosningum.

**www.kosning.is** - Kosningavefur innanríkisráðuneytisins er með ýmsar upplýsingar um kosningarnar.

***Munið eftir persónuskilríkjum.***

Aðsetur kjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar á kjördag er í Valhúsaskóla.

**F.h. Kjörstjórnar**

**Pétur Kjartansson, formaður**

# Blaðaútgáfa í 5. bekk



Krakkarnir í 5. bekk Grunnskóla Seltjarnarness eru byrjaðir að gefa út fréttablað. Ritstjórn fyrsta eintaksins var skipuð nemendum úr 5. LK. Á fyrsta fundi ritstjórnar var skipulag blaðsins og efni ákveðið og gengið var frá verkaskiptingu.

Öll vinna við blaðið var í höndum nemenda en Þorleifur Örn kennari aðstoðaði eftir þörfum. Næsta eintak verður í höndum nýrrar ritstjórnar og svo koll af kolli þannig að hver hópur setur mark sitt á blaðið, bæði efni og útlit

NES FRÉTTIR
Auglýsingasími 511 1188

Neshlaupið 11. maí

Neshlaup Trimmklúbbs Seltjarnarness verður haldið laugardaginn 11. maí klukkan 11.

*Hlaupið hefst við Sundlaug Seltjarnarness*

Allir hvattir til að mæta og taka þátt í skemmtilegum viðburði. Nánari upplýsingar á hlaup.is.






Ástríðumálararnir sem opna myndlistarsýningu í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga á Eiðistorgi eru hér ásamt lærimeistara sínum Sigtryggi Bjarna Baldvinssyni, sem stendur lengst til vinstri, en við hlið hans eru Edda Guðmundsdóttir, Jórunn Kristinsdóttir, Georg Róbert Douglas, Jón Grétar Ingvason og Gísli Kristjánsson.

# Ástríðumálarar í Eiðisskeri

**Svo lærir sem lifir á sannarlega við um málarana fjóra sem opnuðu myndlistarsýningu í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga á Eiðistorgi föstudaginn 19. apríl sl. Málurunum er það sameiginlegt að hafa lagt stund á málaralistina í hátt á áratug og lengst af við Myndlistarskólann í Reykjavík hjá myndlistarmanninum Sigtryggi Bjarna Baldvinssyni, sem leiðbeinir þeim og stýrir uppsetningunni á sýningunni.**

Að sögn Sigtryggs hafa nemendur hans hver um sig þróað sitt eigið myndmál en verkin eru flest abstrakt olíuverk máluð á striga. Málararnir sem verk eiga á sýningunni eru þau Edda Guðmundsdóttir, Georg Róbert Douglas, Gísli Kristjánsson, Jón Grétar Ingvason og Jórunn Kristinsdóttir. Sýningin ber yfirskriftina Úr ljósi í myrkur og aftur til baka og stendur hún til 21. maí. Eiðisskær er sýningarsalur inn af Bókasafni Seltjarnarness og er sýningin opin á sama tíma og safnið, mánudaga-fimmtudaga kl. 10 til 19 og föstudaga kl. 10 til 17. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



# Prjóna vettlinga á öll börn sem fæðast á Nesinu

**Kvenfélagið Seltjörn er 45 ára á þessu ári. Að því tilefni gefa konurnar í Seltjörn öllum börnum sem fæðast á Nesinu húfu og vettlinga sem þær hafa handprjónað.**

Ljósmæður á Heilsugæslustöð Seltjarnarness sjá um að afhenda gjafirnar. Kvenfélagið vill, með gjöfinni, bjóða þessa nýju bæjarbúa velkomna og óskar þeim og fjölskyldum þeirra allra heilla í framtíðinni.



# Skóladót til Malaví

**Nýverið bauðst Grunnskóla Seltjarnarness að koma sendingu til Namazizi vinaskólans í Malaví, en DHL flutningaþjónusta flutti kassana án endurgjalds.**

Nemendur og starfsfólk skólans söfnuðu ýmsu gagnlegu dóti, Grótta gaf mikið af íþróttafötum og Nesskip gaf peninga til kaupa á boltum og skóladóti. Krakkar í saumum í 7. bekk saumuðu 40 bakpoka sem þeir gáfu vinum okkar í Malaví og nemendur í 6. bekk pökkuðu dótinu í kassana.

Gleðilegt sumar.
Þökkum viðskiptin
í vetur.




Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# Sumardagurinn fyrsti

## Hátíð á Seltjarnarnesi 25. apríl í íþróttahúsi Seltjarnarness og Seltjarnarneskirkju.

**Kl. 13:00:** Skrúðganga frá sundlaug Seltjarnarness undir stjórn Lúðrasveitar Seltjarnarness

Eftir skrúðgöngu verður dagskrá í íþróttahúsinu þar sem ýmislegt skemmtilegt verður í boði s.s sýningar og skemmtiatriði frá íþróttadeildum Gróttu og Sirkús Íslands. Þrautabraut og hoppukastalar verða í litla Salnum.

**Kl. 14:15 - 15:15:** Krakkahestar: Hestar teymdir undir börnum.

4. fl. ka og kvk og 5. fl. Gróttu verða með kaffiveitinar í hátíðarsal Gróttu.

**Kl. 16:00:** Seltjarnarneskirkja
Selkórinn, Kammerkór Seltjarnarneskirkju, Litlu snillingarnir (barnakórinn) og kór eldriborgara syngja í kirkjunni. Kórarnir munu syngja einraddað sálma og sumarlög og fagna sumarkomunni. Syngjum okkur saman inn í sumarið!

## Allir velkomnir

Viðtal við Jón Pétursson

# Vil hvergi annarsstaðar vera

**Jón Pétursson eða Jón lögga eins og hann hefur löngum verið kallaður spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Jón hefur búið á Nesinu í nær hálfan annan áratug og segir hvergi betra að vera. Jón er Breiðfirðingur fæddur á Hjarðarbrekku í Eyrarplássi sumarið 1936 en það var eitt sjö býla sem þá var búið á í landi Hallbjarnareyjar á norðanverðu Snæfellsnesi. Hann ólst upp í Grundfirði fyrstu árin en síðan í Akureyjum frá átta ára aldri og allt fram undir tvítugt að hann fluttist til Stykkishólms.**

„Ég er Grundfirðingur en í minni bernsku var Grundarfjörður allt annar en í dag. Eyrarsveitin var lokuð af vegna Berserkjahraunsins í austri og Búlandshöfðans sem lokaði leiðum til vesturs. Samgöngurnar voru því fyrst og fremst á sjó. En síðar meir komst Grundarfjörður í þjóðbraut. Varð miðsvæðis í einum og öðrum skilningi. Dæmi um það er að Eyrarsveitungar urðu gjarnan af skólagöngu vegna einangrunar en í dag sækir fólk Grundafjörð heim til þess að njóta menntunar," segir Jón. Gamansemi hans er mörgum kunn er notið hafa samferðar hans eða kynnst honum á einn eða annan máta og er fæðing hans þar ekki skilin undan. Hann kveðst fæddur skömmu eftir miðnætti 19. júlí 1936 í öðru rúminu vestanmegin í Hjarðarbrekkubænum en í rúminu á móti austan megin hafi systir sín fætt sitt annað barn rétt fyrir miðnætti sama kvöld. Þetta muni nánast einstakt og aðeins sé vitað um eitt annað tilvik að mæðgur hér á landi hafi fætt barn á sama sólarhring og þá trúlega ekki hvor á móti annarri. Jón kveðst hafa notið góðs af þessu nábýli við systur sína því hann hafi fljótt orðið frekur til fæðu og þá verið færður til hennar. „Ég held að ég hafi síðar á ævinni notið þeirra mjólkursopa sem hún gaf mér í frumbernskunni þegar reyndi á heilbrigði og hraustleika," segir hann sposkur. „Lífið var þó ekki alltaf auðveld," heldur Jón áfram. „Við vorum átta systkinin og þar af sex undir fermingaraldri í húsnæði sem var um 30 fermetrar þegar faðir minn féll frá á besta aldri aðeins 49 ára gamall. En móður minni tókst að halda fjölskyldunni saman að honum látnum.



**Jón lögga þar sem hann situr á tali við tíðindamann í Bókasafni Seltjarnarness á dögunum.**

Það hefur eflaust kostað baráttu við hreppsyfirvöld því á þeim tíma þótti enn sjálfsagt að splundra fjölskyldum ef fyrirvinnan féll frá. Ég slapp því við að verða boðinn upp sem hreppsómagi."

## Hólmurinn var stórmerkilegt fyrirbæri

Þótt Jón væri ekki boðin upp átti hann heima á nokkrum stöðum í bernsku. Hann var viðloðandi eyjarnar fram um tvítugsaldur að hann fluttist til Stykkishólms. Hann segir Hólminn hafa verið stórmerkilegt fyrirbrigði og menningarlífið sem þreifst í 700 manna byggðarlagi hafi verið með ólíkindum. „Í Hólminum var bæði nunnuklaustur og hvítasunnusöfnuður. Trúarlíf skorti því ekki og af veraldlegum menningarstofnunum má nefna amtsbókasafn, karlakór, leikfélag og lúðrasveit að ógleymdum kirkjukórnum. Það var líka tilkomumikið að koma af hafi og sjá gömlu og virðulegu húsin sem flest standa enn og bæjarlífið var allt í stíl við þessa umgjörð." Jón segir að Hólmurinn hafi verið nokkuð dönskuskotinn og sú saga lífseig að Hólmarar töluðu dönsku á sunnudögum. „Margir keyptu dönsku blöðin en aðrir höfðu vit á að fá aðstoð við enskunám hjá kaþólska prestinum sem boðinn var og búinn að segja ungmennum til við tungumálanám einkum í ensku og þýsku.

## Íþróttahúsið skipti sköpum

Í Stykkishólmi fór Jón að taka þátt í íþróttum sem áttu eftir að setja sterkan svip á líf hans. Þar naut hann mikils áhuga Hólmvera á badminton og síðar í frjálsum íþróttum. „Þegar ég kom til Stykkishólms var þar ungmennafélag. Félagið starfaði ekki mikið en á árinu 1949 var lokið við að byggja íþróttahús í bænum. Um svipað leyti kom Þorgeir Ibsen skólastjóri í Hólminn og með honum badmintoníþróttin. Hólmarar fóru að stunda badminton og þessi íþrótt kom ungmennafélaginu Snæfelli á kortið. Þetta þótti íþrótt fína fólksins, var stundum kölluð íþrótt heildsalanna og það komu margir að sunnan til þess að keppa í badminton. Þótt íþróttahúsið væri mikil bylting var það ekki stórt. Rétt rúmaði badmintonvöllinn og þegar áhorfendur sátu með veggjum urðu þeir að hafa fæturna undir sér en máttu ekki rétta þá fram vegna þess að þá hefðu þeir geta orðið keppendum að fótakefli. En áhuginn var öllu meiri og eftir að ég kom suður heyrði ég hjá mönnum að hvergi hafi verið eins gaman að spila og í Stykkishólmi þrátt fyrir þrengslin því áhugi heimamanna hafi verið slíkur."

## Sigurður kom með körfuboltann og þær frjálsu

En svo urðu breytingar á íþróttalífi í Stykkishólmi. Badmintoníþróttin lagðist að mestu af en Hólmarar tóku til við frjálsar íþróttir og körfubolta. „Badmintontíminn var skemmtilegur og ég naut góðs af honum. Bæði mér til ánægju en einnig til undirbúnings fyrir aðrar íþróttir. Haustið 1951 kom Sigurður Helgason íþróttakennari til starfa í Stykkishólmi. Hann var fjölhæfur íþróttamaður og kenndi bæði frjálsar íþróttir og sund auk þess sem hann kom með körfuboltann með sér líkt og Þorgeir hafði gert með badmintonið. Okkur Sigurði varð vel til vina og ég fór að æfa undir tilsögn hans og þarna má segja að saga mín og íþróttanna hafi tekið að fléttast af alvöru saman. Ég byrjaði að æfa langhlaup og fór svo einnig að æfa hástökk sem ég keppti í fyrsta sinn í á landsmóti UMFÍ á Eiðum 1952. Eftir að ég fluttist til Reykjavíkur fór ég að æfa frjálsar íþróttir með KR jafnframt námi í vélvirkjun í vélsmiðjunni Sindra. Benedikt Jakobsson íþróttakennari Háskólans var þjálfari minn en hann var talinn einn af bestu þjálfurum landsins ef ekki sá besti á þessum tíma." Jón á bæði langan og merkan íþróttaferil að baki. Hann fór í keppnisferðir til annarra landa, þar á meðal til Norðurlanda 1958 og á Ólympíuleikana í Róm 1960 þar sem hann keppti í hástökki. „Ferðin á Ólympíuleikana var eðlilega mikil hátíð og skemmtan og lífsgleði og heitar suðrænar skapsveiflur Ítalanna voru okkur dálítið framandi. Löngu síðar dvaldi ég um tíma norðar á Ítalíu og komst þá að því að Norður Ítalir eru líkara

# Auglýsing

**frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis um framboð í Suðvesturkjördæmi við alþingiskosningar 27. apríl 2013**

Við alþingiskosningar 27. apríl 2013 verða þessir listar í kjöri í Suðvesturkjördæmi:

## A – listi Bjartrar framtíðar:

1. **Guðmundur Steingrímsson,** kt. 281072-4209, alþingismaður, Nesvegi 59, Reykjavík.
2. **Freyja Haraldsdóttir,** kt. 270686-2659, framkvæmdastýra, Mosprýði 2, Garðabæ.
3. **Guðlaug Kristjánsdóttir,** kt. 260772-5039, formaður BHM, Furuvöllum 18, Hafnarfirði.
4. **Erla Karlsdóttir,** kt. 170272-5369, meistaranemi, Furugrund 24, Kópavogi.
5. **Pétur Óskarsson,** kt. 281166-4769, framkvæmdastjóri, Þrastarási 71, Hafnarfirði.
6. **Andrés Pétursson,** kt. 110861-5409, ráðgjafi, Lækjasmára 90, Kópavogi.
7. **Borghildur Sturludóttir,** kt. 090975-4479, arkitekt, Vesturgötu 12b, Hafnarfirði.
8. **Sigurður P. Sigmundsson,** kt. 280257-3549, fjármálastjóri, Fjóluhlíð 14, Hafnarfirði.
9. **Ragnheiður Guðmundsdóttir,** kt. 200269-4469, hjúkrunarfræðingur, Kirkjubraut 19, Seltjarnarnesi.
10. **Sigurjón Kjartansson,** kt. 200968-5659, framleiðandi, Reynigrund 33, Kópavogi.
11. **María Pálsdóttir,** kt. 301270-3999, leikkona, Skálahlíð 21, Mosfellsbæ.
12. **Kjartan Atli Kjartansson,** kt. 230584-2739, körfuboltamaður, Ásholti 6, Reykjavík.
13. **Helga Bragadóttir,** kt. 180360-3529, lektor í hjúkrunarfræði, Miðskógum 13, Garðabæ.
14. **Anna Guðrún Hugadóttir,** kt. 201047-4559, námsráðgjafi, Holtsbúð 89, Garðabæ.
15. **Aldís Sigurðardóttir,** kt. 150877-4749, baráttukona, Kvistavöllum 25, Hafnarfirði.
16. **Hlini Melsteð Jóngeirsson,** kt. 180880-6079, kerfisstjóri, Staðarbergi 8, Hafnarfirði.
17. **Ragnhildur Reynisdóttir,** kt. 211171-4059, markaðsstjóri, Kópalind 1, Kópavogi.
18. **Snorri Páll Einarsson,** kt. 260668-5449, hugbúnaðarsérfræðingur, Haukalind 26, Kópavogi.
19. **Jón Ingvar Valdimarsson,** kt. 280555-4449, kerfisstjóri, Álfheimum 50, Reykjavík.
20. **Sigrún Sól Ólafsdóttir,** kt. 310868-4269, leikstjóri, Brekkuhvarfi 12, Kópavogi.
21. **Agnar Johnson,** kt. 251158-2749, framkvæmdastjóri, Aflagranda 34, Reykjavík.
22. **Guðrún Sesselja Arnardóttir,** kt. 230866-3339, lögmaður, Súlunesi 9, Garðabæ.
23. **Auður Jónsdóttir,** kt. 300373-4109, rithöfundur, Drafnarstíg 2a, Reykjavík.
24. **Helgi Pétursson,** kt. 280549-7899, ferðamálafrömuður, Hrísmóum 4, Garðabæ.
25. **Margrét Örnólfsdóttir,** kt. 211167-5729, rithöfundur, Þinghólsbraut 80, Kópavogi.
26. **Ingvi Þorsteinsson,** kt. 280230-3919, náttúrufræðingur, Vogatungu 99, Kópavogi.

## B – listi Framsóknarflokks:

1. **Eygló Harðardóttir,** kt. 121272-5719, alþingismaður, Hásteinsvegi 8, Vestmannaeyjum.
2. **Willum Þór Þórsson,** kt. 170363-2569, kennari, Bakkasmára 1, Kópavogi.
3. **Þorsteinn Sæmundsson,** kt. 141153-5609, rekstrarfræðingur, Vesturströnd 4, Seltjarnarnesi.
4. **Sigurjón Norberg Kjærnested,** kt. 031185-2389, verkfræðingur, Drekavöllum 18, Hafnarfirði.
5. **Ólöf Pálína Úlfarsdóttir,** kt. 181056-4449, náms- og starfsráðgjafi, Trönuhjalla 9, Kópavogi.
6. **Elín Jóhannsdóttir,** kt. 030286-3249, leikskólaleiðbeinandi, Birkiholti 3, Garðabæ.
7. **Óðinn Pétur Vigfússon,** kt. 290553-3779, kennari og deildarstjóri, Skeljatanga 20, Mosfellsbæ.
8. **Njóla Elísdóttir,** kt. 160259-4429, hjúkrunarfræðingur, Móabarði 33, Hafnarfirði.
9. **Sigurjón Jónsson,** kt. 240284-2199, markaðsfræðingur, Logasölum 3, Kópavogi.
10. **Einar Karl Birgisson,** kt. 120479-4909, svæðisstjóri Latabæjar, Smáratúni 13, Garðabæ.
11. **Guðrún Lísbet Níelsdóttir,** kt. 250980-3029, hjúkrunarfræðingur, Huldubraut 52, Kópavogi.
12. **Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir,** kt. 030553-7649, uppeldis- og menntunarfræðingur, Ásbúð 66, Garðabæ.
13. **Garðar Jóhannsson,** kt. 010480-3029, knattspyrnumaður, Árakri 25, Garðabæ.
14. **Katrín Guðjónsdóttir,** kt. 170264-3559, kennari, Hávegi 1, Kópavogi.
15. **Óli Kárason Tran,** kt. 010974-2089, veitingamaður, Þverholti 9, Mosfellsbæ.
16. **Stefán Örn Stefánsson,** kt. 150892-2289, laganemi, Sólarsölum 1, Kópavogi.
17. **Emil Austmann Kristinsson,** kt. 060974-3229, deildarstjóri, Fróðaþingi 26, Kópavogi.
18. **Edda Sif Bergmann Þorvaldsdóttir,** kt. 140986-2249, leikskólakennari, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi.
19. **Hákon Sverrisson,** kt. 040973-4009, kennari, Flesjakór 16, Kópavogi.
20. **Guðjón Snæfeld Magnússon,** kt. 120378-3339, slökkviliðsmaður, Álfhólsvegi 127, Kópavogi.
21. **Alexander Arnarson,** kt. 141273-3889, málarameistari, Fróðaþingi 5, Kópavogi.
22. **Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson,** kt. 081163-4999, viðskiptafræðingur, Lækjargötu 20, Hafnarfirði.
23. **Bjarney Grendal Jóhannesdóttir,** kt. 180680-3229, kennari, Álfholti 56c, Hafnarfirði.
24. **Sigríður Jónasdóttir,** kt. 040341-7819, eftirlaunaþegi, Engihjalla 19, Kópavogi.
25. **Níels Unnar Hauksson,** kt. 291242-4809, eftirlaunaþegi, Helgafelli 3, Mosfellsbæ.
26. **Siv Friðleifsdóttir,** kt. 100862-8089, alþingismaður, Bakkasmára 12, Kópavogi.

## D – listi Sjálfstæðisflokks:

1. **Bjarni Benediktsson,** kt. 260170-5549, formaður Sjálfstæðisflokksins, Bakkaflöt 2, Garðabæ.
2. **Ragnheiður Ríkharðsdóttir,** kt. 230649-4999, alþingismaður, Hrafnshöfða 35, Mosfellsbæ.
3. **Jón Gunnarsson,** kt. 210956-4179, alþingismaður, Fífuhjalla 21, Kópavogi.
4. **Vilhjálmur Bjarnason,** kt. 200452-7719, lektor, Hlíðarbyggð 18, Garðabæ.
5. **Elín Hirst,** kt. 040960-2609, fjölmiðlafræðingur, Bollagörðum 7, Seltjarnarnesi.
6. **Óli Björn Kárason,** kt. 260860-4619, ritstjóri, Tjarnarmýri 17, Seltjarnarnesi.
7. **Karen Elísabet Halldórsdóttir,** kt. 190274-4469, varabæjarfulltrúi, Skógarhjalla 6, Kópavogi.
8. **Bryndís Loftsdóttir,** kt. 021170-4539, bóksali, Sæbraut 4, Seltjarnarnesi.
9. **Friðjón R. Friðjónsson,** kt. 180470-5229, ráðgjafi, Strandvegi 11, Garðabæ.
10. **Unnur Lára Bryde,** kt. 260871-5529, flugfreyja, Fjóluási 20, Hafnarfirði.
11. **Árni Grétar Finnsson,** kt. 140590-2239, háskólanemi, Lækjarbergi 52, Hafnarfirði.
12. **Gróa Ásgeirsdóttir,** kt. 170465-3699, verkefnastjóri, Lautasmára 18, Kópavogi.
13. **Hjördís Jóna Gísladóttir,** kt. 070167-3799, kennari, Hólmatúni 31, Garðabæ.
14. **Theódór Kristjánsson,** kt. 100468-3369, lögreglumaður, Súluhöfða 9, Mosfellsbæ.
15. **Elísabet Valgeirsdóttir,** kt. 290940-4949, blómaskreytir, Suðurhvammi 15, Hafnarfirði.
16. **Guðmundur Gísli Geirdal,** kt. 100765-4899, sjómaður, Fákahvarfi 1, Kópavogi.
17. **Ragnheiður Björk Halldórsdóttir,** kt. 150591-2289, háskólanemi, Birkihæð 5, Garðabæ.
18. **Sigurbergur Sveinsson,** kt. 120887-2549, háskólanemi, Lækjarhvammi 18, Hafnarfirði.
19. **Ingimar Sigurðsson,** kt. 260656-3689, forstöðumaður, Tjarnarmýri 15, Seltjarnarnesi.
20. **Ingibjörg Hauksdóttir,** kt. 081257-4859, hjúkrunarfræðingur, Strandvegi 3, Garðabæ.
21. **Sveinn Guðbjartsson,** kt. 280138-2669, fyrrv. forstöðumaður, Klettahrauni 5, Hafnarfirði.
22. **Jónas Þórir Þórisson,** kt. 280356-2559, tónlistarmaður, Tröllateigi 24, Mosfellsbæ.
23. **Halla Halldórsdóttir,** kt. 250348-2669, ljósmóðir, Austurgerði 5, Kópavogi.
24. **Gullveig T. Sæmundsdóttir,** kt. 271045-8169, fyrrv. ritstjóri, Sunnuflöt 34, Garðabæ.

25. **Gunnar Sigurjónsson,**
kt. 241260-2679, sóknarprestur, Hrauntungu 63, Kópavogi.

26. **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,**
kt. 041065-3039, alþingismaður, Mávahrauni 7, Hafnarfirði.

## G – listi Hægri grænna, flokks fólksins:

1. **Sigurjón Haraldsson,**
kt. 261257-5809, viðskiptafræðingur, Danmörku.

2. **Týr Þórarinsson,**
kt. 190758-3119, kvikmyndagerðarmaður, Háteigsvegi 14, Reykjavík.

3. **Ástþór Óli Halldórsson,**
kt. 170582-5869, afgreiðslustjóri, Bæjarholti 5, Hafnarfirði.

4. **Helgi Helgason,**
kt. 300464-3279, stjórnmálafræðingur, Skólagerði 9, Kópavogi.

5. **Böðvar Guðmundsson,**
kt. 140648-2649, bílstjóri, Suðurbraut 14, Hafnarfirði.

6. **Magnús Haukur Ásgeirsson,**
kt. 131175-5159, ráðgjafi, Álfholti 12, Hafnarfirði.

7. **Björn Rúnar Agnarsson,**
kt. 300168-5159, sjómaður, Bæjarholti 5, Hafnarfirði.

8. **Svanberg Hreinsson,**
kt. 230565-3179, ráðgjafi, Efstahjalla 11, Kópavogi.

9. **Helgi Gestsson,**
kt. 200758-3749, húsasmíðameistari, Garðhúsum 3, Reykjavík.

10. **Eggert Hafsteinn Margeirsson,**
kt. 030758-4479, smiður, Fífurima 22, Reykjavík.

11. **Sindri Daði Rafnsson,**
kt. 130578-2929, bakari, Akurholti 17, Mosfellsbæ.

12. **Sigurður Þórðarson,**
kt. 240951-3559, framkvæmdastjóri, Glaðheimum 18, Reykjavík.

13. **Sverrir Vilhelm Bernhöft,**
kt. 291045-2199, fyrrv. framkvæmdastjóri, Ársölum 3, Kópavogi.

14. **Símon Sverrisson,**
kt. 260351-3979, kaupmaður, Ögurási 3, Garðabæ.

15. **Kristinn L. Matthíasson,**
kt. 041250-2599, bifreiðastjóri, Stekkjargötu 79, Reykjanesbæ.

16. **Sigurður Jónasson,**
kt. 170552-4159, fyrrv. framkvæmdastjóri, Súlunesi 7, Garðabæ.

17. **Guðjón Þór Guðjónsson,**
kt. 010654-4089, rakari, Þingholsbraut 48, Kópavogi.

18. **Þorbjörn Ásgeirsson,**
kt. 010839-4169, rennismiður, Faxatúni 25, Garðabæ.

19. **Erlingur J. Erlingsson,**
kt. 170458-2149, verktaki, Borgarholtsbraut 11, Kópavogi.

20. **Svanur Jóhannsson,**
kt. 131064-5279, sjómaður, Þrastarási 24, Hafnarfirði.

21. **Mary Jane Salomons,**
kt. 031063-2219, hótelstarfsmaður, Lómasölum 8, Kópavogi.

22. **Egill Hjartarson,**
kt. 031179-5729, söluráðgjafi, Akurvöllum 4, Hafnarfirði.

23. **Georg Ragnarsson,**
kt. 230549-4359, tæknimaður, Ásbraut 17, Kópavogi.

24. **Lárus Einarsson,**
kt. 210949-7719, húsasmíðameistari, Lómasölum 8, Kópavogi.

25. **Davíð Elvar Másson,**
kt. 250190-2989, tæknimaður, Hjallavegi 1, Reykjavík.

26. **Kristján Oddgeirsson,**
kt. 201040-4349, sjómaður, Marargötu 3, Grindavík.

## I – listi Flokks heimilanna:

1. **Pétur Gunnlaugsson,**
kt. 060748-3659, lögmaður og útvarpsmaður, Efstaleiti 12, Reykjavík.

2. **Kristján S. Ingólfsson,**
kt. 180679-3409, flugrekstrarfræðingur, Ægisgötu 5, Reykjavík.

3. **Birgir Ö. Guðjónsson,**
kt. 280776-2979, lögregluvarðstjóri, Drekavöllum 26, Hafnarfirði.

4. **Örn Björnsson,**
kt. 090443-7399, fyrrv. útibússtjóri, Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.

5. **Ingibjörg Helga Baldursdóttir,**
kt. 280363-2439, kennari, Einivöllum 7, Hafnarfirði.

6. **Guðmundur Þór Gunnþórsson,**
kt. 220949-3469, skipstjóri, Hamraborg 16, Kópavogi.

7. **Ingólfur Sveinsson,**
kt. 200651-2199, framkvæmdastjóri, Ásbúð 64, Garðabæ.

8. **Melína Kolka Guðmundsdóttir,**
kt. 210490-2219, grafískur hönnuður, Laugavegi 76, Reykjavík.

9. **Eyjólfur V. Ingólfsson,**
kt. 111077-3209, framkvæmdastjóri, Suðurgötu 78, Hafnarfirði.

10. **Friðrik V. Halldórsson,**
kt. 260651-7819, véltæknifræðingur, Brattholti 1, Mosfellsbæ.

11. **Skúli Bruce Barker,**
kt. 160264-5519, verkfræðingur, Hákotsvör 10, Garðabæ.

12. **Einar Ingvason,**
kt. 120473-5739, flugvirki, Kirkjuvöllum 3, Hafnarfirði.

13. **Markús Þórðarson,**
kt. 160773-4999, kerfisfræðingur, Háabarði 12, Hafnarfirði.

14. **Böðvar Ingi Guðbjartsson,**
kt. 160173-4599, pípulagningameistari, Móabarði 36, Hafnarfirði.

15. **Guðni Sörensen,**
kt. 091039-3119, eldri borgari, Barrholti 25, Mosfellsbæ.

16. **Guðrún Indriðadóttir,**
kt. 180655-4419, skrifstofumaður, Jöklafold 29, Reykjavík.

17. **Rafnar Karl Rafnarsson,**
kt. 160768-5689, prentari, Grandahvarfi 5b, Kópavogi.

18. **Vigfús Adolfsson,**
kt. 280285-2509, sölustjóri, Álfholti 44, Hafnarfirði.

19. **Páll Valdimar Guðmundsson,**
kt. 010591-3179, athafnamaður, Lækjargötu 34e, Hafnarfirði.

20. **Helgi Ásgeir Harðarson,**
kt. 261261-7669, viðskiptastjóri, Stuðlabergi 32, Hafnarfirði.

21. **Friðrik Daníelsson,**
kt. 031273-4049, tæknimaður, Smyrlahrauni 35, Hafnarfirði.

22. **Edwin M. Kaaber,**
kt. 290935-4159, tónlistarmaður, Borgarholtsbraut 41, Kópavogi.

23. **Halldór Kristján Hjartarson,**
kt. 110743-2119, flugvirki, Trönuhjalla 19, Kópavogi.

24. **Sigurður Halldórsson,**
kt. 081268-3989, sölumaður, Suðurbraut 10, Kópavogi.

25. **Eiríkur Stefánsson,**
kt. 270350-7399, fyrrv. verkalýðsforingi, Súlunesi 24, Garðabæ.

26. **Halldór Gísli Sigurþórsson,**
kt. 131254-3509, bifreiðasmiður, Urðarstíg 3, Hafnarfirði.

## J – listi Regnbogans, fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun:

1. **Valdís Steinarsdóttir,**
kt. 290767-5989, leiðbeinandi, Bergholti 4, Mosfellsbæ.

2. **Karólína Einarsdóttir,**
kt. 090680-3589, meistaranemi í líffræði, Svíþjóð.

3. **Anna Ólafsdóttir Björnsson,**
kt. 040652-4349, tölvunarfræðingur, Blátúni 1, Garðabæ.

4. **Ingimundur Þór Þorsteinsson,**
kt. 301266-5109, fjallaleiðsögumaður, Þingholsbraut 3, Kópavogi.

5. **Pétur Jökull Hákonarson,**
kt. 050747-7519, byggingameistari, Brávöllum, Mosfellsbæ.

6. **Guðrún Sigurbjörg Guðmundsdóttir,**
kt. 050965-3419, geislafræðingur, Logafold 133, Reykjavík.

7. **Jón Rúnar Backman,**
kt. 060151-2889, húsasmiður, Ásbúð 71, Garðabæ.

8. **Jóhanna Aradóttir,**
kt. 030577-4189, umsjónarmaður Frístundar, Blátúni 1, Garðabæ.

9. **Sara Dögg Guðnadóttir,**
kt. 211182-5479, heilbrigðisritari, Hraunbæ 4, Reykjavík.

10. **Gísli Halldórsson,**
kt. 290445-3029, húsvörður, Lækjasmára 8, Kópavogi.

11. **Ian Mark Wilson,**
kt. 311275-2249, hópbifreiðastjóri, Flatahrauni 1, Hafnarfirði.

12. **Sigurjón A. Guðmundsson,**
kt. 041160-5789, verkstjóri, Smáratúni 43, Reykjanesbæ.

13. **Sigríður Ragna Birgisdóttir,**
kt. 091074-3709, framhaldsskólakennari, Köldukinn 16, Hafnarfirði.

14. **Sigríður Birna Thorarensen,**
kt. 140462-8029, þýðandi, Baugakór 15, Kópavogi.

15. **Elínborg K. Kristjánsdóttir,**
kt. 110557-2059, blaðamaður, Meðalholti 13, Reykjavík.

16. **Þóranna Pálsdóttir,**
kt. 310751-2359, veðurfræðingur, Víðigrund 19, Kópavogi.

17. **Reynhildur Karlsdóttir,**
kt. 180578-3319, háskólanemi, Hörgshlíð 8, Reykjavík.

18. **Berta Finnbogadóttir,**
kt. 130371-5239, flugfreyja, Skipholti 45, Reykjavík.

19. **Þórunn Árnadóttir,**
kt. 190629-4819, myndlistarkennari, Tjörn, Garðabæ.

20. **Helgi Svanur Einarsson,**
kt. 270283-4039, garðyrkjufræðingur, Fornósi 5, Svfél. Skagafirði.

21. **Ingibjörg Jónsdóttir Kolka,**
kt. 130172-3859, framhaldsskólakennari, Hrísholti 1, Bláskógabyggð.

22. **Alrún Klausen,**
kt. 180733-4699, sjúkraliði, Álfaskeiði 55, Hafnarfirði.

23. **Ingibjörg Elsa Björnsdóttir,**
kt. 220566-4479, þýðandi, Erlurima 8, Svfél. Árborg.

24. **Guðrún Guðmundsdóttir,**
kt. 170752-8059, bóndi, Guðlaugsstöðum, Húnavatnshreppi.

25. **Einar Hafsteinn Árnason,**
kt. 220727-3519, járnsmiður, Brekku, Garðabæ.

26. **Hjalti Kristgeirsson,**
kt. 120833-4219, fyrrv. ritstjóri, Víðivangi 10, Hafnarfirði.

## L – listi Lýðræðisvaktarinnar:

1. **Lýður Árnason,**
kt. 051262-2209, læknir, Jófríðarstaðavegi 11, Hafnarfirði.
2. **Ástrós Signýjardóttir,**
kt. 140986-2679, stjórnmálafræðingur, Norðurbrú 1, Garðabæ.
3. **Friðrik Hansen Guðmundsson,**
kt. 041258-7569, verkfræðingur, Noregi.
4. **Guðrún Guðlaugsdóttir,**
kt. 200744-3309, blaðamaður og rithöfundur, Víghólastíg 6, Kópavogi.
5. **Árni Stefán Árnason,**
kt. 110360-3399, lögfræðingur, Ölduslóð 38, Hafnarfirði.
6. **Þórdís Björk Sigurþórsdóttir,**
kt. 030964-5279, viðskiptafræðingur, Fjóluhvammi 4, Hafnarfirði.
7. **Guðmundur G. Kristinsson,**
kt. 300754-2799, sölustjóri, Kristnibraut 61, Reykjavík.
8. **Unnur Aðalbjörg Hauksdóttir,**
kt. 100758-2109, starfsmaður í móttöku, Skógarbraut 1102, Reykjanesbæ.
9. **Þorleifur Friðriksson,**
kt. 040152-3189, sagnfræðingur, Hlíðarhvammi 4, Kópavogi.
10. **Guðný Halldórsdóttir,**
kt. 230154-5979, kvikmyndagerðarkona, Melkoti, Mosfellsbæ.
11. **Ólafur Sigurðsson,**
kt. 300853-7819, matvælafræðingur, Lækjarbergi 23, Hafnarfirði.
12. **María Sveinsdóttir,**
kt. 060970-3279, hjúkrunarnemi, Kirkjuvöllum 3, Hafnarfirði.
13. **Hinrik Ólafsson,**
kt. 110463-2789, framleiðandi, Brekkuhvarfi 2, Kópavogi.
14. **Árni Gunnlaugsson,**
kt. 110327-4559, lögmaður, Ölduslóð 38, Hafnarfirði.
15. **Andrés Helgi Valgarðsson,**
kt. 180883-4019, þjónusturáðgjafi, Kaldaseli 13, Reykjavík.
16. **Héðinn Gilsson,**
kt. 270968-5899, húsasmiður, Vesturholti 11, Hafnarfirði.
17. **Ásgrímur Jónasson,**
kt. 271239-7699, rafmagnsiðnfræðingur, Grundarsmára 14, Kópavogi.
18. **Sigurvin Lárus Jónsson,**
kt. 020378-4689, prestur, Rofabæ 27, Reykjavík.
19. **Árni Arnar Óskarsson,**
kt. 140959-5539, leigubílstjóri, Engihjalla 1, Kópavogi.
20. **Halldóra Lena Christians,**
kt. 160690-2679, leikkona, Bergstaðastræti 28a, Reykjavík.
21. **Ásgeir Þorgeirsson,**
kt. 041262-5839, hugbúnaðarsérfræðingur, Lækjarkinn 18, Hafnarfirði.
22. **Svanfríður Guðrún Gísladóttir,**
kt. 040845-2599, þroskaþjálfi, Blásölum 24, Kópavogi.
23. **Birgir Óli Sigmundsson,**
kt. 110480-4669, heilsuhagfræðingur, Grenigrund 3, Akranesi.
24. **Eva Oliversdóttir,**
kt. 071291-2949, laganemi, Stigahlíð 4, Reykjavík.
25. **Jón Jóhannsson,**
kt. 230255-5049, garðyrkjubóndi, Dalsgarði 1, Mosfellsbæ.
26. **Guðmunda Elíasdóttir,**
kt. 230120-4049, söngkona, Vesturgötu 26b, Reykjavík.

## S – listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands:

1. **Árni Páll Árnason,**
kt. 230566-5939, alþingismaður, Túngötu 36a, Reykjavík.
2. **Katrín Júlíusdóttir,**
kt. 231174-3389, fjármála- og efnahagsráðherra, Kjarrhólma 2, Kópavogi.
3. **Magnús Orri Schram,**
kt. 230472-5649, alþingismaður, Hrauntungu 97, Kópavogi.
4. **Margrét Gauja Magnúsdóttir,**
kt. 111176-3889, kennari og forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, Suðurgötu 38, Hafnarfirði.
5. **Lúðvík Geirsson,**
kt. 210459-3839, alþingismaður, Fálkahrauni 1, Hafnarfirði.
6. **Margrét Júlía Rafnsdóttir,**
kt. 171259-3479, verkefnastjóri hjá Barnaheillum, Bakkasmára 24, Kópavogi.
7. **Amal Tamimi,**
kt. 070160-2939, framkvæmdastjóri Jafnréttishúss, Selvogsgötu 22, Hafnarfirði.
8. **Stefán Rafn Sigurbjörnsson,**
kt. 271289-2199, formaður Ungra jafnaðarmanna, Holtsgötu 20, Reykjavík.
9. **Margrét Kristmannsdóttir,**
kt. 240262-4449, framkvæmdastjóri og formaður SVÞ, Sævargörðum 11, Seltjarnarnesi.
10. **Hjalti Már Þórisson,**
kt. 170674-3599, læknir, Birkigrund 69, Kópavogi.
11. **Anna Sigríður Guðnadóttir,**
kt. 220759-3859, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Barrholti 12, Mosfellsbæ.
12. **Friðþjófur Helgi Karlsson,**
kt. 220372-3169, skólastjóri, Úthlíð 15, Hafnarfirði.
13. **Kristín Á. Guðmundsdóttir,**
kt. 070350-4679, formaður 60+ og formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Fagrahjalla 24, Kópavogi.
14. **Jón Pálsson,**
kt. 090863-3719, framkvæmdastjóri, Súluhöfða 16, Mosfellsbæ.
15. **Sigurjóna Sverrisdóttir,**
kt. 070559-5959, leikkona og MBA, Vesturbrú 1, Garðabæ.
16. **Ragnar Gunnar Þórhallsson,**
kt. 141155-4079, fyrrv. formaður Sjálfsbjargar og deildarstjóri hjá tollstjóra, Tröllateigi 20, Mosfellsbæ.
17. **Margrét Lind Ólafsdóttir,**
kt. 131067-5509, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun og bæjarfulltrúi, Hofgörðum 21, Seltjarnarnesi.
18. **Sigurður Flosason,**
kt. 220164-5359, tónlistarmaður, Ásbúð 53, Garðabæ.
19. **Geir Guðbrandsson,**
kt. 050591-2719, verkamaður og nemi, Suðurholti 12, Hafnarfirði.
20. **Dagbjört Guðmundsdóttir,**
kt. 101281-4429, nemi, Reykjavíkurvegi 30, Hafnarfirði.
21. **Karólína Stefánsdóttir,**
kt. 191177-4369, framleiðandi, Hofslundi 17, Garðabæ.
22. **Gunnar Helgason,**
kt. 180576-4369, hjúkrunarfræðingur, Fjallalind 61, Kópavogi.
23. **Guðbjörn Sigvaldason,**
kt. 300458-5569, vaktstjóri, Arnartanga 73, Mosfellsbæ.
24. **Guðrún Helga Jónsdóttir,**
kt. 020149-3379, fyrrv. forstöðumaður, Hrauntungu 95, Kópavogi.
25. **Ásgeir Jóhannesson,**
kt. 021131-3189, fyrrv. forstöðumaður, Kópavogsbraut 1b, Kópavogi.
26. **Jóhanna Axelsdóttir,**
kt. 021243-3299, fyrrv. kennari, Reykjavíkurvegi 23, Hafnarfirði.

## T – listi Dögunar – stjórnmálasamtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði:

1. **Margrét Tryggvadóttir,**
kt. 200572-5219, alþingismaður, Reynihvammi 22, Kópavogi.
2. **Álfheiður Eymarsdóttir,**
kt. 180669-4779, stjórnmálafræðingur, Nýlendugötu 13, Reykjavík.
3. **Jón Jósef Bjarnason,**
kt. 101158-5199, bæjarfulltrúi, Brattholti 2b, Mosfellsbæ.
4. **Baldvin Björgvinsson,**
kt. 111167-4949, raffræðingur og kennari, Hrauntungu 42, Kópavogi.
5. **Guðrún Lilja Guðmundsdóttir,**
kt. 130862-4039, viðskiptafræðingur, Breiðuvík 4, Reykjavík.
6. **Haraldur Haraldsson,**
kt. 280371-5999, markaðsstjóri, Baugakór 10, Kópavogi.
7. **Margrét Rósa Sigurðardóttir,**
kt. 010754-5429, prentari og kennari, Noregi.
8. **Ægir Björgvinsson,**
kt. 250252-3079, verkstjóri og rennismiður, Sléttahrauni 34, Hafnarfirði.
9. **Birta Jóhannesdóttir,**
kt. 110270-5779, leiðsögumaður, Skuld, Mosfellsbæ.
10. **Pétur Guðmundsson,**
kt. 230644-4549, ellilífeyrisþegi, Digranesvegi 70, Kópavogi.
11. **Kolbrún Pálína Hafþórsdóttir,**
kt. 150158-2309, matráður, Hellisgötu 12, Hafnarfirði.
12. **Birgir Grímsson,**
kt. 260473-3289, framkvæmdastjóri og frumkvöðull, Brekkutanga 8, Mosfellsbæ.
13. **Ingibjörg Steingrímsdóttir,**
kt. 201243-3869, eftirlaunaþegi, Hlégerði 16, Kópavogi.
14. **Haraldur Emilsson,**
kt. 170768-4509, sjón- og sjóntækjafræðingur, Löngumýri 24, Garðabæ.
15. **Hallur Guðmundsson,**
kt. 120770-3739, tónlistarmaður og bókavörður, Álfaskeiði 43, Hafnarfirði.
16. **Elín Tryggvadóttir,**
kt. 270375-3329, hjúkrunarfræðingur, Reynihvammi 27, Kópavogi.
17. **Emilía Sif Ásgrímsdóttir,**
kt. 110892-2689, háskólanemi, Hrauntungu 42, Kópavogi.
18. **Gunnar Bergmann Stefánsson,**
kt. 250864-4859, arkitekt, Logafold 66, Reykjavík.
19. **Guðrún Ásta Guðjónsdóttir,**
kt. 070363-2089, húsmóðir, Lautasmára 35, Kópavogi.
20. **Jón Friðrik Jóhannsson,**
kt. 111252-7349, skipstjóri, Súluhöfða 27, Mosfellsbæ.
21. **Magnús Bjarnarson,**
kt. 041250-2679, öryrki, Vesturbrú 1, Garðabæ.
22. **Hjördís Líney Aðalsteinsdóttir,**
kt. 100791-3079, nemi, Skyggnisbraut 22, Reykjavík.
23. **Ágústa Sigrún Ágústsdóttir,**
kt. 010965-5949, söngkona og mannauðsstjóri, Rjúpnasölum 12, Kópavogi.
24. **Halldór Atli Nielsen Björnsson,**
kt. 180579-5329, rafvirki, Völvufelli 46, Reykjavík.
25. **Aníta Lena Baldvinsdóttir,**
kt. 311090-2759, listamaður, Háaleitisbraut 121, Reykjavík.
26. **Gunnar Skúli Ármannsson,**
kt. 050458-3779, læknir, Svíþjóð.

## V – listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

1. **Ögmundur Jónasson,**
kt. 170748-4099, innanríkisráðherra, Grímshaga 6, Reykjavík.
2. **Rósa Björk Brynjólfsdóttir,**
kt. 090275-5189, fjölmiðlafulltrúi, Bárugötu 13, Reykjavík.
3. **Ólafur Þór Gunnarsson,**
kt. 170763-4409, öldrunarlæknir, Þinghólsbraut 32, Kópavogi.
4. **Guðbjörg Sveinsdóttir,**
kt. 110854-4639, geðhjúkrunarfræðingur, Trönuhjalla 13, Kópavogi.
5. **Garðar Heimir Guðjónsson,**
kt. 180463-3489, blaðamaður, Hlégerði 14, Kópavogi.
6. **Daníel Haukur Arnarsson,**
kt. 280290-2629, kosningastjóri, Suðurgötu 11, Hafnarfirði.
7. **Lára Jóna Þorsteinsdóttir,**
kt. 210557-3189, sérkennari, Kjarrhólma 20, Kópavogi.
8. **Kristín Helga Gunnarsdóttir,**
kt. 241163-2459, rithöfundur, Einilundi 8, Garðabæ.
9. **Gestur Svavarsson,**
kt. 271272-3839, verkefnastjóri, Blómvangi 20, Hafnarfirði.
10. **Árni Stefán Jónsson,**
kt. 191251-3349, formaður SFR, Stuðlabergi 110, Hafnarfirði.
11. **Una Hildardóttir,**
kt. 030891-2529, námsmaður, Álafossvegi 31, Mosfellsbæ.
12. **Bjarki Bjarnason,**
kt. 150652-2519, rithöfundur, Hvirfli, Mosfellsbæ.
13. **Sigríður Gísladóttir,**
kt. 240881-4899, dýralæknir, Kársnesbraut 83, Kópavogi.
14. **Karl Tómasson,**
kt. 170864-5309, bæjarfulltrúi, Álafossvegi 18, Mosfellsbæ.
15. **Jóhanna B. Magnúsdóttir,**
kt. 310846-7599, garðyrkjufræðingur, Dalsá, Mosfellsbæ.
16. **Helgi Hrafn Ólafsson,**
kt. 240188-2289, íþróttafræðingur, Ásbraut 19, Kópavogi.
17. **Bryndís Brynjarsdóttir,**
kt. 300368-4259, kennari, Fellsási 9a, Mosfellsbæ.
18. **Sigurbjörn Hjaltason,**
kt. 100658-5429, bóndi, Kiðafelli 2, Kjósarhreppi.
19. **Signý Þórðardóttir,**
kt. 160861-2589, þroskaþjálfi, Álfatúni 21, Kópavogi.
20. **Andrés Magnússon,**
kt. 151156-2079, geðlæknir, Sunnubraut 35, Kópavogi.
21. **Þóra Elfa Björnsson,**
kt. 050639-7469, setjari, Skólagerði 41, Kópavogi.
22. **Kristín Halldórsdóttir,**
kt. 201039-4529, fyrrv. alþingiskona, Fornuströnd 2, Seltjarnarnesi.
23. **Ólafur J. Gunnarsson,**
kt. 300958-6729, véltæknifræðingur, Furubyggð 12, Mosfellsbæ.
24. **Birna Ólafsdóttir,**
kt. 250651-4229, sjúkraliði, Kvistavöllum 29, Hafnarfirði.
25. **Sigurbergur Árnason,**
kt. 050656-3229, arkitekt, Norðurvangi 44, Hafnarfirði.
26. **Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,**
kt. 121066-4919, bæjarstjóri, Suðurgötu 82, Hafnarfirði.

## Þ – listi Pírata:

1. **Birgitta Jónsdóttir,**
kt. 170467-3539, alþingiskona, Sigtúni 59, Reykjavík.
2. **Björn Leví Gunnarsson,**
kt. 010676-6069, doktorsnemi í tölvunarfræði, Álfhólsvegi 75, Kópavogi.
3. **Hákon Einar Júlíusson,**
kt. 290985-2349, tónlistarmaður og upptökustjóri, Jörfabakka 18, Reykjavík.
4. **Árni Þór Þorgeirsson,**
kt. 080487-2749, frumkvöðull, Álfhólsvegi 45, Kópavogi.
5. **Berglind Ósk Bergsdóttir,**
kt. 090685-2449, tölvunarfræðingur, Hagamel 27, Reykjavík.
6. **Svavar Kjarrval Lúthersson,**
kt. 071183-2119, tölvunarfræðingur, Hátúni 10, Reykjavík.
7. **Sóley Sigurþórsdóttir,**
kt. 130690-3199, kaffibarþjónn, Melabraut 13, Seltjarnarnesi.
8. **Hans A. Margrétarson Hansen,**
kt. 080393-2619, ritari SÚFÍ, ungmennadeildar CISV á Íslandi, Reynihvammi 22, Kópavogi.
9. **Kjartan Jónsson,**
kt. 020560-3639, framkvæmdastjóri, Barmahlíð 32, Reykjavík.
10. **Páll Daníelsson,**
kt. 200184-2709, markaðsfræðingur, Háahvammi 2, Hafnarfirði.
11. **Theodór Líndal Helgason,**
kt. 241079-4309, þjónustufulltrúi hjá CCP, Suðurmýri 36, Seltjarnarnesi.
12. **Jakob Sv. Bjarnason,**
kt. 240382-3859, nemi, Heiðargerði 118, Reykjavík.
13. **Kristinn Geir Guðnason,**
kt. 311080-5989, kerfisfræðingur, Grundartanga 16, Mosfellsbæ.
14. **Hjörleifur Harðarson,**
kt. 260372-3439, öryrki, Hjarðarholti, Akureyri.
15. **Guðmundur Páll Kjartansson,**
kt. 091288-2499, tölvunarfræðingur, Danmörku.
16. **Hafþór Bryndísarson,**
kt. 051180-4539, sérfræðingur, Vesturgötu 51c, Reykjavík.
17. **Helgi Heimisson,**
kt. 070688-2129, frumkvöðull, Ferjuvogi 19, Reykjavík.
18. **Haraldur Kristinn Gyðuson,**
kt. 270475-3969, húsasmiður, Þórsgötu 20, Reykjavík.
19. **Helgi Njálsson,**
kt. 070465-4939, verslunarmaður, Heiðargerði 64, Reykjavík.
20. **Hróðmar Valur Steinsson,**
kt. 050281-4699, öryrki, Leirubakka 18, Reykjavík.
21. **Pétur Kristófersson,**
kt. 201287-2519, nemi, Laugavegi 41, Reykjavík.
22. **Neptúnus S. Egilsson,**
kt. 260491-3189, listnemi, Hverfisgötu 74, Reykjavík.
23. **Viktor Traustason,**
kt. 100489-2609, nemi, Markarflöt 2, Garðabæ.
24. **Arnbjörn Kristjánsson,**
kt. 040280-4809, veitingamaður, Njálsgötu 86, Reykjavík.
25. **Örn Lúðvíksson,**
kt. 230485-2599, lagerstarfsmaður, Stakkhömrum 18, Reykjavík.
26. **Helgi Kristinsson,**
kt. 091081-5129, atvinnuleitandi, Sóleyjarima 23, Reykjavík.

*Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis, 18. apríl 2013.*

Jónas Þór Guðmundsson,
Ástríður Sólrún Grímsdóttir,
Svava Hrönn Guðmundsdóttir,
Sigríður Jósefsdóttir,
Elín Jóhannsdóttir.

okkur norðurálfubúum. Fara sér hægar í geðshræringum og karlarnir eru ekki eins kvensamir og Suður Ítalir virtust vera. Eftir að ég kom heim frá Ólympíuleikunum sá ég úrklippu úr Alþýðublaðinu þess efnis að ég hefði hitt Ginu Lollobrigidu sem var þekkt leikkona á þeirri tíð og fengið hjá henni eiginhandaráritun. Það var fréttnæmasta afrek mitt úr ferðinni að þeirra dómi en þeir gátu þess samt ekki að ég hefði alveg geta þegið lengri fund með henni. En þarna var margt frægt fólk og í stúku skammt frá okkur voru Ranier fursti af Mónakó og Grace Kelly en þau voru þá nýlega gift.“

## Löng og góð kynni af Nesinu

„Þú spyrð um kynni mín af Seltjarnarnesi. Þau eru bæði löng og góð og mun lengri en búseta mín segir til um. Þannig var að íþróttirnar og erfiðisvinna áttu ekki nægilega góða samleið og þá sérstaklega hástökkið sem ég stundaði. Ég hafði þó ekki lagt mikla áherslu á atvinnuleit þegar þeir Erlendur Ó. Pétursson sem þá var formaður KR og Ásmundur Bjarnason þá formaður frjálsíþróttadeildarinnar komu að máli við Erling Pálsson yfirlögregluþjón í Reykjavík um að taka mig í lögregluna því ég þyrfti að fá áreynsluminna starf en járnsmíðina. Ég fór því ekki í lögregluna af hugsjón heldur þótti þetta hentugt starf fyrir mig sem frjálsíþróttamann. Þá voru engin inntökupróf og ég tel að ég hafi verið ráðinn af því að ég gat stokkið hærra en aðrir menn. En þarna hófust kynnin af Seltjarnarnesi. Þau urðu þó ekki af því að Seltirningar væru eitthvað verri eða ólöghlýðnari en aðrir nema að síður væri heldur var æfingasvæði lögreglunnar á Suðurnesi á þessum tíma. Skammt þaðan sem golfklúbburinn hefur aðstöðu í dag. Námið til lögreglumanns var tvískipt. Bóklegi hlutinn fór fram í Iðnskólanum í Reykjavík en hinn verklegi á þriggja mánaða námskeiði á Suðurnesi. Þetta var langt úr alfaraleið á þeim tíma og samgöngurnar við Nesið – einkum að sunnanverðu erfiðar. Vegir voru niðurgrafnir og urðu ófærir ef snjóaði sem stundum gerðist á þessum tíma. Lögreglan átti litla rútu amerískrar gerðar sem oft var notuð til þess að fara út á Nes. Hún var með vatnsbyssu á toppnum til þess að sprauta vatni á fólk og dreifa mannfjölda. Ég veit ekki til þess að þessi byssa hafi verið notuð eða hvort hún var í lagi því enginn kunni á hana. Mikið var lagt upp úr fallegu göngulagi, að kunna að beita táragasi og svo skotæfingum. Við skutum úr 32 kalibera skammbyssum og svo voru haldnar skotkeppnir þar sem keppt var á milli vakta og einstaklinga útfrá á vorin. En þarna ytra var ágæt aðstaða á þeirra tíma mælikvarða og líklega fyrsta líkamsræktarstöðin hér á landi ætluð til þess að þjálfa lögreglumenn. Þarna var sérstakt hús fyrir gufubað með allt að tuttugu sætum og einnig ljósabekkir, hvíldarklefi og umsjónarmaður. Þetta var allt reist í lögreglustjóratíð Agnars Kofoed Hansen. Námskeiðinu lauk svo með marseringu í viðurvist ýmissa fyrirmanna.“

## Menn með fortíð

Jón kann margar sögur af mönnum og málefnum úr löngu starfi sínu sem lögreglumaður og af lýsingum hans sem of langt er að telja upp í stuttu spjalli má skynja samúð hans með þeim sem áttu í erfiðleikum eða gengu utan alfaraleiðar eins og sagt er. Hann minnist gamalla útigangsmanna eða göturóna eins og þeir voru stundum kallaðir að manni finnst með hlýju. „Margir þessara manna áttu sitt fyrra líf. Höfðu verið við störf, jafnvel átt fyrirtæki, fjölskyldur og heimili áður en vínið tók völdin af þeim. Þetta gátu verið litríkir persónuleikar þótt lífið og einkum áfengið hefði skert dómgreind þeirra. Í dag er þetta með öðrum hætti. Þetta unga fólk sem hefur lent á ógæfuleið áfengis og fíkniefna á sér oft enga fortíð. Enga sögu. Hefur byrjað að drekka sem unglingar og jafnvel börn og svo farið yfir í önnur efni. Aldrei gert neitt annað en að lifa í þessum heimi. Þekkir ekkert annað líf. Á þessu er mikill munur.“

## Nes minnir á annað Nes

„Mér finnst margt á Seltjarnarnesi minna mig á æsku mína á Snæfellsnesi. Sjórinn er hér á alla vegu og fuglalífið minnir á lífið í eyjunum. Svo er mikil samheldni í samfélaginu hér. Rétt eins og ég kynntist fyrir vestan þegar ég var að alast upp. Aðstaðan er líka stórkostleg. Við sjáum það vel þegar öll bílaplön eru þéttstaðin af farartækjum gesta íþróttamiðstöðvarinnar, líkamsræktarstöðvarinnar og sundlaugarinnar. Það er leitun að betri aðstöðu að þessu leyti. Svo er líka ýmislegt sem ég veit ekki hvort fólk áttar sig alveg á. Óvíða er að finna betra útsýni en af Valhúsahæðinni og skíðabrekkur eru fyrir hendi á veturna ef snjóar. Ég kynntist líka ágætum mönnum hér á Nesinu í starfi mínu hjá lögreglunni. Magnús Gunnar Magnússon varðstjóri og ágætur vinur minn var frá Melhúsum. Faðir hans vann hjá Kveldúlfi og Magnús bjó þar fyrstu árin sem hann starfaði í lögreglunni. Þá átti ég mjög góð kynni af Ingimundi og Sæma Páls sem störfuðu lengi á Seltjarnarnesstöðinni og ýmsa fleiri mætti telja. Lífið hér á Nesinu var alltaf fremur rólegt. Það var enginn hasar í mönnum og ekki heldur í pólitíkinni. Það var eins og menn þyrftu bara einn flokk eða öllu heldur einn Sigurgeir. Hann stýrði bæjarfélaginu að ég held farsællega um langan tíma. Ég er búinn að hafa kynni af Seltjarnarnesi í meira en 50 ár. Búinn að vera búsettur þar í á annan áratug og báðir synir mínir búa á Seltjarnarnesi. Fjölskyldan er hér öll og það er frábært fyrir okkur sem orðin erum afi og amma að hafa barnabörnin í nágrenninu. Ég hef heldur enga ástæðu til þess að gráta yfir neinu. Ég vil hvergi annarsstaðar vera þann tíma sem ég á eftir.“

NES FRÉTTIR
Auglýsingasími:
511 1188
borgarblod@simnet.is



# Félagsstarf eldri borgara

Þrjátíu manna hópur eldri borgara af Seltjarnarnesi hélt til Hveragerðis í „óvissuferð“ þriðjudaginn 9. apríl í blíðskaparveðri. Tilefnið var sýning leikfélags eldri borgara á Ráðabrugginu eftir Stellu Páls og Bland í poka eftir leikhópinn Snúð og Snældu. Fólk skemmti sér prýðilega og áður en haldið var heim var boðið upp á kaffihlaðborð á Hótel Örk. Það var kátt fólk sem skilaði sér heim undir kvöldið eftir ágætis ferð. Dagskrá félasstarfsins verður með hefðbundnu sniði næstu dagana og vikurnar. Alltaf kemur þó eitthvað uppá og þá bara breytum við og bætum eftir því sem tilefni gefur til.

**Sunnudagur 14. apríl.** Myndlistarsýning Bjargar Ísaksdóttur í kirkjunni opnar strax eftir messu. Sýningin verður opin fram á vor.

**Miðvikudagskvöldið 17. apríl.** Samverustundin með unga fólkinu í Selinu færist fram um viku og verður miðvikudagskvöldið 17. apríl kl. 20.00.

**Fimmtudagur 18. apríl kl. 13.30.** Bingó salnum Skólabraut.
**Helgin 20 – 21 apríl.** Stór hópur eldri borgara hefur þegar skráð sig í ferð með kirkjunni í Skagafjörð. Allar nánari uppýsingar um ferðina er í síma 561-1550. Síðasti skráningardagur er 15. apríl.

**Fimmtudaginn 25. apríl kl. 16.00.** Sumardaginn fyrsta syngja gömlu meistararnir ásamt öðrum söngfuglum til að fagna sumri í Seltjarnarneskirkju kl. 16.00.

**Fimmtudagur 2. maí kl. 18.30.** Vorfagnaður. Borðum saman og eigum skemmtilega kvöldstund. Grillvagninn, söngur og glens. Skráninig hjá Kristínu í síma 893-9800. Félagsvistin sem vera átti þennan dag frestast til fimmtudagsins 16. maí.

**Fimmtudaginn 9. maí uppstigningadag.** Dagur aldraðra. Guðsþjónusta í kirkjunni kl. 11.00. Hádegisverður í boði kirkjunnar.

**Kl. 15.00 þennan saman dag/** uppstigningardag verða árlegir styrktartónleikar í Félagsheimilinu þar sem gömlu snillinganir syngja með kórum og sönghópum grunnskólanna á Seltjarnarnesi til styrktar góðu málefni. Fólk er hvatt til að fjölmenna. Fyrirhugað er að handverkssýning eldri borgara verði um mánaðamótin maí – júní. Nánar auglýst síðar. Dagskrá félagsstarfsins birtist í Morgunblaðinu á hverjum degi undir liðnum félagsstarf eldri borgara. Einnig er hægt að fá allar upplýsingar í síma 8939800.

*Allir alltaf velkomnir.*

## UMHVERFISHORNIÐ

# Vorið er komið og grundirnar gróa

Kæru Seltirningar, nú vorar brátt og þá fara margir að leiða hugann að garðinum. Hvernig kemur gróður undan vetri og hvernig best sé að fara í vorverkin. Best er að fara ekki á stað í að taka ofan visin gróður fyrr en fyrirséð er um að það komi ekki frost.Visin gróður veitir vörn fyrir viðkvæmar plöntur í frosti. Þá er gott að klippa runna og tré meðan gróður er enn lauflaus. Beðið er með að klippa viðkvæmar rósir þar til lengra er komið inn í vorið. Einnig er gott að skipta runnum sem eru farnir að taka of mikið pláss á þessum tíma. Jafnvel gætu nágrannar skipt sín á milli á runnum sem að koma vel út.

Svo er alltaf spennandi að prófa eitthvað nýtt, og má í því sambandi nefna ýmis konar ávaxtatré sem að hafa verið að gefa góða raun. Þá er einnig gott að flytja gróður á þessum tíma. Því fyrr sem að gróður er tekin upp að vori til flutnings því meiri líkur á að hann lifi. Eftir Jónsmessu eru tré og runnar ekki tekinn upp til flutnings vegna þess að rótarkerfi plantnanna getur ekki séð um vatnsbúskap fyrir þann laufmassa sem að þá er kominn. Þegar klippt er, hvort sem um er að ræða stök tré eða gróðurhekk við lóðarmörk þarf að huga að því að gróður gangi ekki út á gangstéttar og stíga, bæjarbúum til mikilla óþæginda og hættu. Einnig er brýnt að huga að því að umferðamerki, götuheiti eða götulýsing hverfi ekki í gróðri.

### Gott að byrja að jarðgera

Nú er um að gera að velta fyrir sér að byrja að jarðgera, það er að nota allt lífrænt sem að tilfellur í garðinum aftur í garðinn. Til eru ýmiskonar jarðgerðarílát sem að gott er að nota í þessum tilgangi. Til þess að gróður og gras njóti sín sem best er gott að gefa áburð. Gott er að hafa í huga að vökva vel yfir gróður ef að sjórok hefur gengið yfir Nesið eins og kemur fyrir einstaka sinnum, til þess að þrífa burt salt sem að annars getur skaðað tré og runna.

### Kaffi á hreinsunardaginn

Hreinsunardagur á Seltjarnarnesi verður 30. apríl. Áhaldahúsið að Austurströnd 1 er opið þennan dag milli kl. 16:00 og 19:00 og bæjarbúar sem þess óska geta komið þangað og sótt poka undir úrgang. Boðið verður upp á kaffiveitingar í áhaldahúsinu. Bæjarbúum er boðið upp á að setja samanbundnar trjágreinar og jarðvegsúrgang í pokum út á stétt. Gaman væri að íbúar gætu tekið til í sínu nærumhverfi.

Gæta þarf þess að pokar séu ekki of þungir. Starfsmenn bæjarins munu hirða upp úrganginn eftir hreinsunardaginn. Tekið skal fram að ekki verður hirt upp annað efni en jarðvegsúrgangur og trjágreinar.

*Gleðileg sumar.*
*Steinunn Árnadóttir*
*garðyrkjustjóri*


Iceland's Finest

Fiskisúpa
Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fáanlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.




FRYSTIVARA

FÆST Í NÆSTU VERSLUN



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100



# Halldór leikur í bókasafninu

**Á rómantískum nótum er yfirskrift síðustu tónleika þessa misseris í tónleikaröðinni Te og tónlist, sem haldin er í samstarfi Bókasafns Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness. Tónleikarnir fara fram í Bókasafninu mánudaginn 6. maí kl. 17:30.**

Á tónleikunum leikur Halldór Víkingsson kennari við Tónlistarskóla Seltjarnarness einleik á píanó og yfirskriftin vísar til þess að verkin á efnisskránni eru frá rómantíska tímabilinu eftir þá Brahms, Liadov, Schubert og Rachmaninoff. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

# Styrktartónleikar fyrir endurhæfingardeild Grensás

**Hverjir eru að halda þá?**
**Meistari Jakob ,**
( sönghópur Valhúsaskóla )
**Litlu snillingarnir**
( kór Mýrarhúsaskóla )
og
**Gömlu meistararnir**
( kór eldri borgara )
ásamt góðum gestum.

**Hvar eru þeir haldnir?**
Félagsheimili Seltjarnarness
Fimmtudaginn 9. maí kl. 15:00
**Aðgangur ókeypis** en baukar verða á staðnum fyrir frjáls framlög.

Pönnukökur og kakó til sölu og allt til styrktar endurhæfingardeild Grensás.




# Lausnir fyrir alla strax

Kæri Seltirningur. Mig langar til að útskýra fyrir kjósendum tillögur Sjálfstæðismann til að létta skuldsettum heimilunum í landinu róðurinn og flýta fyrir eignamyndun. Í hverjum mánuði geta þeir sem eru með íbúðalán fengið 40 þúsund krónur í skattaafslátt. Þessar 40 þúsund krónur renna beint til að greiða inn á höfuðstól lánsins til lækkunar á því. Öllum Íslendingum stendur þessi leið til boða skuldi þeir lán vegna húsnæðis. Til viðbótar má nota séreignasparnaðinn, þ.e. 2 % prósent framlag þitt og 2% framlag vinnuveitenda skattfrjálst í hverjum mánuði til að greiða inn á höfuðstólinn. Það er góð fjárfesting því eins og menn vita sem hafa verið að taka út séreignarsparnað sinn vegna fjárhagserfiðleika er hann skattlagður um leið og hann er nýttur. Með þessu tvennu gefst fólki kleift að lækka íbúðalán sín um allt að 20% á fimm árum.

Tökum hjón með 600 þúsund krónur í heildartekjur sem skulda 20 milljónir króna verðtryggt íbúðalán. 35 ár eru eftir af láni, vextir eru 4,7% og verðbólgan 3,5% að meðaltali. Að óbreyttu hækkar lánið um 2,2 milljónir á næstu fimm árum. Með aðgerðum Sjálfstæðisflokksins lækkar höfuðstóll landsins og stendur í 18 milljónum að fimm árum liðnum. Munurinn er 2,4 milljónir eða um 20% og greiðslubyrði af láninu léttist í samræmi við það.

## Unga fólkið okkar

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að veita þeim eru á leið inn á fasteignamarkaðinn og samskonar skattafslátt eða 40 þúsund krónur til að ýta undir sparnað. Þannig vill flokkurinn stuðla að því að sem flestar fjölskyldur fái tækifæri til að eignast eigin húsnæði með minni áhættu. Sá sem getur lagt fyrir 100 þúsund krónur á mánuði mun eiga um 6,7 milljónir króna með skattaafslætti eftir fjögur ár, auk vaxta.

## Ekki fleiri gjaldþrot

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að afnema stimpilgjöld, en það er gert til að gera fólki auðveldara að skipta um húsnæði, endurfjármagna lán og færa bankaviðskipti sín og tryggja þannig betur samningsstöðu fólks gagnvart fjármálastofnunum, en nú er.


Elín Hirst.

Þeir sem ekki ráða við greiðslur af íbúðarhúsnæði fá tækifæri til að skila lyklunum í stað gjaldþrots, samkvæmt kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, sem er mikilvægt.

Einnig er það stefna flokksins að lántakendur að geta valið um bæði verðtryggð og óverðtryggð lán til langs tíma á sanngjörnum vöxtum. Mjög mikilvægt er að fólk hafi val. Nauðsynlegt er einnig að endurskoða samsetningu neysluverðsvísitölunnar, enda afar óeðlilegt að t.d. hækkun á bensíngjaldi leiði til þess að íbúðalán hækki – jafnvel íbúðalán þess sem engan bíl á.

## Þetta virkar

Kjósum skynsamlegar tillögur sem staðið verður við. Ég var spurð á dögunum, hvernig ætlið þið að lækka skatta en standa samt undir þeirri velferð sem þið lofið. Jú, skattalækkun mun þýða tekjutap ríkissjóðs alveg í byrjun en svo stækkar skattstofninn með auknu athafnalífi á öllum stöðum og skatttekjur ríkisins hækka. Þetta hefur verið reynt víða um heim og virkar. Ég hvet kjósendur til að reikna sitt dæmi og sjá að þetta eru ekki töfralausnir heldur verulegt bót sem staðið verður við. Og aðalatriðið er að hún byrjar að virka strax.

*Elín Hirst*
*Höfundur skipar 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir Alþingiskosningarnarn 27. apríl n.k.*

# Af hverju Dögun?

Fyrir rúmum fjórum árum fór þjóðfélagið á hliðina. Við gættum ekki að okkur og steyttum á skeri með hörmulegum afleiðingum. Mörg okkar sjá ekki enn fram úr brimsköflunum. Margir hafa misst allt sitt, vinnuna, húsnæðið og jafnvel lífsförunautinn. Og óréttlætið svíður. Öll berum við einhverja ábyrgð. Þó voru það bara örfáir sem áttu beinan þátt í að setja Ísland á hausinn. En gleymum ekki hverjir það voru. Glæpur okkar hinna var að treysta og trúa þegar við hefðum átt að spyrja gagnrýninna spurninga. Við treystum stjórnvöldum. Við treystum bönkunum, fjölmiðlunum og fræðimönnunum. Við trúðum lygunum.

Þegar allt hrundi ákvað ég að gera allt sem í mínu valdi stæði til að laga Ísland. Síðustu fjögur ár hef ég starfað fyrir þjóðina á Alþingi og reynt að vanda mig. Dögun, ný stjórnmálasamtök munu bjóða fram í komandi Alþingiskosningum. Meðal helstu stefnumála okkar eru aðgerðir til handa heimilum landsins. Leysa verður skuldavanda þeirra með róttækum hætti og bæta aðstöðumun almennings gagnvart fjármálavaldinu. Leita skal lausna á forsendum lántakandans frekar en lánveitandans. Við viljum tafarlaust afnám verðtryggingar á neytendalánum og almenna leiðréttingu húsnæðislána. Þá viljum við að lágmarks framfærsluviðmið verði lögfest og að vextir í landinu verði hóflegir. Og það er hægt, það sem er ekki hægt er að búa við óbreytt ástand.


Margrét Tryggvadóttir.

Við viljum líka lýðræðisumbætur. Núgildandi stjórnarskrá var skrifuð fyrir 19. aldar Dani. Við erum 21. aldar Íslendingar og okkur skortir samfélagssáttmála sem kveður á um réttindi okkar og skyldur stjórnvalda.

Og viljum breytta og sanngjarnari skipan auðlindamála. Orkufyrirtæki eiga að vera í eigu hins opinbera og arðurinn af auðlindunum á að renna í sameiginlega sjóði okkar allra. Stokka þarf upp skipan fiskveiða og tryggja atvinnufrelsi í greininni.

Dögun hefur á að skipa frábæru fólki í öll sæti sem málefni almennings brenna á sem hefur hugrekki og þor til að breyta. Við viljum búa í réttlátu samfélagi, lausu við spillingu og við ætlum að byggja það saman. Nánari upplýsingar um frambjóðendur og stefnumálin er að finna á www.xt.is.

*Margrét Tryggvadóttir 1. sæti á lista Dögunar í Suðvesturkjördæmi*

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla
Suðurhlíð 35, Rvk • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
Allan sólarhringinn
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagaþjónusta ofl.
Ræsting og Ráðgjöf ehf
Alhliða hreingerningarþjónusta
S. 519 7500 • 770 4630

# Réttlæti fyrir íslensk heimili

Kosningabarátta fyrir Alþingiskosningar er nú sem óðast að taka á sig mynd og virðist ætla að verða með athyglisverðara móti. Frambjóðendur Framsóknarflokksins hafa lagt höfuðáherslu á að kynna helstu baráttumál flokksins um leiðréttingar á stökkbreyttum lánum heimila og að leggja niður verðtryggingu á neytendalánum.

Andstæðingar Framsóknarflokksins hafa hinsvegar lagt sérstaka áherslu á að ræða um..........Framsóknarflokkinn. Úr herbúðum andstæðinganna koma engar tillögur, engin stefna, aðeins aumkunarvert sífur um svokölluð yfirboð Framsóknar. Eru ámátlegustu sótraftar dregnir á flot til að kyrja þennan söng með útúrsnúninga og svekkelsi að vopni. Mest eru þetta sömu raddir og vildu skjálfandi gangast undir ICESAVE klafa á sínum tíma, alveg sama hvað það átti að kosta.

Með sífri sínu taka andstæðingar Framsóknarflokksins nú stöðu með vogunarsjóðum gegn íslenskum heimilum og eru jafn skjálfandi á beinunum gagnvart sjóðunum og ICESAVE skuldareigendum forðum. Eru margir til kallaðir, jafnvel menn sem hafa gefið sig út fyrir að vera verkalýðsleiðtogar. Það er eftirtektarvert að þessir aðilar hafa uppi svipuð rök fyrir hræðslukenndri afstöðu sinni nú og fyrir vilja sínum til að samþykkja ICESAVE á sínum tíma. Hafa semsagt engu gleymt og ekkert lært.

Ahyglisverðust og mest upplýsandi hlýtur þessi umræða þó að að vera fyrir þá sem ekki hafa enn gert upp hug sinn um hvað þeir hyggjast kjósa. Það hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir fólk sem berst harðri baráttu með dugnað og heiðarleika að vopni fyrir heimilum sínum og afkomu þeirra hvort þeir sem lyppast niður við fyrsta mótlæti eru traustsins verðir. Það hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir fólk sem leitar lausna fyrir sig og fjölskyldur sínar hvort rétt sé að færa fjöregg þeirra í hendur fólki sem kyrjar einum rómi: „Þetta er ekki hægt."

Framsóknarmenn láta ekki úrtöluraddir nokkurra kjarkleysingja hrekja sig af leið í baráttunni fyrir réttlætinu. Þvert á móti herðumst við í baráttu okkar fyrir réttlátri leiðréttingu til handa íslenskum heimilum. Töluvert hefur verið rætt um kostnað af boðuðum aðgerðum Framsóknar. Víst er að aðgerðirnar munu kosta sitt, en stefna Framsóknar er sú að vogunar- og verðbréfasjóðir sem fengu kröfur föllnu bankanna afhentar á silfurfati beri stærstan kostnað af aðgerðunum og skili með því íslenskum almenningi hluta þess ofurgróða sem þeir hafa nú þegar innleyst af „fjárfestingu" sinni.



**Þorsteinn Sæmundsson.**

Við Framsóknarmenn trúum því nefnilega að í hverri áskorun felist tækifæri. Við trúum því að raunverulega sé hægt að ráðast til atlögu við vogunarsjóði og aðra kröfueigendur með málstað réttlætisins að vopni. Við trúum því að réttlætið muni hafa sigur!

*Þorsteinn Sæmundsson*
*Höfundur skipar 3. sæti*
*Framsóknarflokksins*
*í Suðvesturkjördæmi.*

# Umferð hunda og katta




## Orðsending til hunda- og kattaeigenda

**Af gefnu tilefni vill Umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur._**
**Þetta er vegna varpfugla. Hundabann gildir í Gróttu allt árið.**

**Lausaganga hunda er bönnuð á Seltjarnarnesi**

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

HVITA HUSID / SIA / Actavis 314020
Actavis

# Flytjum stöðugleikann inn – ekki fólk og fyrirtæki út

Um hvað verður kosið í vor? Ég er ekki í vafa um að við kjósum um afkomu okkar og lífskjör. Allir vilja búa við efnahagslegt öryggi og skjól.

Stöðugur og gjaldgengur gjaldmiðill er forsenda stöðugs verðlags og bættra lífskjara. Stöðugur gjaldmiðill dregur úr verðbólgu og frelsar því fólk undan verðtryggingunni. Stöðugur gjaldmiðill léttir skuldabyrði heimila og fyrirtækja. Í dag flytur fólk og fyrirtæki til að fá að njóta sjálfsagðra mannréttinda: Fá greidd laun í sama gjaldmiðli og við skuldum í og búa við lága vexti og örugg lífskjör. Okkar samkeppnishæfustu fyrirtæki flýja líka sveiflukenndan gjaldmiðil og höft. Er ekki nær að flytja stöðugleikann inn, en að flytja fólk og fyrirtæki út? Við hljótum öll að svara þeirri spurningu játandi. Enginn vill fara aftur í hringrás bóluhagkerfis og gengisfellinga. Þá drauga þarf að kveða niður í eitt skipti fyrir öll. Þess vegna skiptir máli að halda skýrri stefnu um upptöku evru og ljúka aðildarsamningum við ESB.


Árni Páll Árnason.

Samfylkingin býður ekki töfralausnir eða lofar einhverju sem enginn getur framkvæmt. Jafnaðarmenn bjóða kjósendum margprófaða formúlu: Ábyrga hagstjórn, frjáls markaðsviðskipti, opið hagkerfi og stöðugleika. Þetta er leiðin sem nágrannalönd okkar hafa valið, með góðum árangri. Það er eina leiðin til að tryggja vinnandi fólki alvöru lífskjör og styðja við hina breiðu millistétt í landinu. Um það snúast alþingiskosningarnar. Þess vegna þarf Samfylkingin atkvæði þitt í vor.

*Eftir Árna Pál Árnason, formann Samfylkingarinnar.*

NES FRÉTTIR
www.borgarblod.is






# Bætt staða – strax að liðnum kosningum

Þegar farið er yfir stefnur og lausnir sjórnmálaflokkanna er varða breytingar á ráðstöfunarfé einstaklinga er mikilvægt að hafa þrennt í huga;

a) Hversu raunhæfar eru þær?

b) Hverjum munu þær gagnast?

c) Hversu fljótt er hægt að innleiða þær?

## Raunhæf stefna

Sjálfstæðisflokkurinn leggur megin áherslu á að bæta kjör allra landsmanna. Stefna flokksins er raunhæf og snýst um að lækka skatta og álögur með það að markmiði að auka ráðstöfunarfé almennings. Þetta var gert með góðum árangri í Finnlandi þegar kreppa skall þar á eftir hrun Sovétríkjanna.

Lækkun skatta þýðir ekki að minna fjármagn skili sér í ríkissjóð, þvert á móti, bætt kjör einstaklinga og fyrirtækja gefa svigrúm til vaxtar og þróunar, framleiðsla eykst, atvinnuleysi minnkar og meira fé skilar sér til ríkisins en ella.

## Hverjum gagnast lausnir Sjálfstæðisflokksins?

Með lækkun á tekjuskatti, lægri gjöldum á eldsneyti og lækkun á tollum og vörugjaldum eykst ráðstöfunarfé allra einstaklinga í landinu og hlutfallslega mest hjá þeim efnaminnstu, þar sem þeir verja hærra hlutfalli tekna sinna í heimilisvörur og eldsneyti. Lægri skattar munu einnig gagnast atvinnulífinu vel, fyrirtæki munu hafa aukið svigrúm til ráðninga sem er brýnt, meðal annars vegna allra þeirra sem fóru í nám í kjölfar kreppunnar og eru nú væntanlegir á atvinnumarkaðinn.


Bryndís Loftsdóttir.

## Hversu fljótt er hægt að innleiða skattalækkanir?

Hægt er að hefja lækkun skatta um leið og þing kemur saman að loknum kosningum. Í huga okkar sjálfstæðismanna þolir leiðrétting á kjörum almennings enga bið.

*Bryndís Loftsdóttir
8. sæti á lista
Sjálfstæðisflokksins í SV*

# Sveinn Rúnar, Sveinn og Hjördís Lára hlutu viðurkenningu

**Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í MR miðvikudaginn 13. mars. Grunnskóli Seltjarnarness var einn 14 skóla sem tóku þátt í keppninni og átti 44 af u.þ.b. 300 nemendum sem kepptu.**



Sunnudaginn 7. apríl voru þeir nemendur, sem höfðu staðið sig best í keppninni, boðaðir í verðlaunaafhendingu ásamt aðstandendum og kennurum og voru niðurstöður nemenda Grunnskóla Seltjarnarness eftirfarandi: 8. bekkur - Sveinn Rúnar Másson var í 9. sæti, 9. bekkur - Sveinn Þórarinsson var í 6. Sæti og 10. bekkur - Hjördís Lára Baldvinsdóttir var í 6. sæti. Er þeim öllum óskað til hamingju með frábæran árangur.

XG
HÆGRI GRÆNIR
flokkur fólksins

# Bókmenntaklúbburinn les Auði




**Bók Auðar Jónsdóttur Ósjálfrátt verður næsta viðfangsefni bókmenntaklúbbsins, sem hittist næst þriðjudaginn 7. maí kl. 19:30. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Þetta verður jafnframt síðasta stefnumót bókmenntahópsins þangað til þráðurinn verður tekinn upp að nýju í september.**

Bók Auðar hefur hlotið fádæma mikla athygli og umtal, en þar lýsir Auður á afar persónulegan hátt mótunarárum sínum og dramatísku lífi fjölskyldu hennar, en eins og fram hefur komið er Auður barnabarn Halldórs Laxness.



# Söfnuðu fyrir Barnaspítala Hringsins

**Við erum krakkar frá Seltjarnarnesi og erum búin að syngja og safna fyrir Barnaspítala Hringsins. Okkur langar að þakka frábærar viðtökur sem við fengum hjá íbúum Seltjarnarness þegar við fórum á milli húsa og sungum.**

Þegar við fórum og skiluðum peningunum til Barnaspítala Hringsins var upphæðin orðin 50.681 krónur. Án efa eiga þessir peningar eftir að koma sér vel fyrir Barnaspítalann en þar dvelja langveik börn á aldrinum 0 til 18 ára Takk fyrir stuðninginn kveðja Ásdís Lóa, Áslaug María og Egill Breki.


## Golfnámskeið

- Byrjendanámskeið
- Stuttaspilsnámskeið
- AimPoint námskeið



AimPoint

Nánari upplýsingar á www.nggolf.is



## HÁGÆÐI.IS

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS




100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070


Bæjarmálafélag Seltjarnarness

## Aðalfundur
### Bæjarmálafélags Seltjarnarness

Aðalfundur Bæjarmálafélags Seltjarnarness verður haldinn þriðjudaginn 7. maí 2013 að Austurströnd 1 (fundarsal Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar) og hefst fundurinn kl. 20:00.

Á dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 7. grein í samþykktum félagsins.

Stjórnin.





## Aukum kaupmáttinn

Kjósum lægra vöruverð

Lesa meira ›

SVÞ

# GRÓTTUSÍÐAN

www.grottasport.is

## Nanna Íslandsmeistari í 2. þrepi



**Nanna Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í 2. þrepi, Grethe María Björnsdóttir varð í 3. sæti og Katín Sigurðardóttir varð í 2. sæti í 5. þrepi á Íslandsmóti FSÍ í þrepum fór fram helgina 16. til 17. mars.**

Þátttökurétt á mótinu eiga einungis þeir sem að hafa náð keppnisþrepinu sínu á þessu keppnistímabili. Grótta átti flottan og fjölmennan hóp á mótinu eða alls 25 keppendur. Allir keppendurnir okkar sýndu að þeir hafa náð góðum tökum á æfingum og eru tilbúnir til þess að færa sig upp um þrep. Þrjár stúlkur frá Gróttu komust á verðlaunapall á þessu sterka móti.



## Domino og Nanna Mílanómeistarar

**Meistaramót FSÍ Mílanó fór fram laugardaginn 6. apríl í Ásgarði í Garðabæ. Ffmleikavorur.is er styrktaraðili mótsins og fengu verðlaunahafar í fjölþraut gjafabréf frá þeim í verðlaun auk verðlaunapeningsins. Þess má geta að landslið Íslands í áhaldafimleikum keppir í Milano fimleikafatnaði.**

Alls kepptu sex stúlkur frá fimleikadeild Gróttu á mótinu. Aníta María og Domino kepptu í kvennaflokki, Elín Birna, Grethe María og Nanna kepptu í unglingaflokki og Hrund í stúlknaflokki. Dominiqua Alma Belányi sigraði í kvennaflokki, hún sigraði einnig á tvíslá og varð í 2. sæti á gólfi. Flottur árangur hjá Domino og góður undirbúningur fyrir Evrópumótið í Moskvu sem að hún keppir á um miðjan apríl. Nanna Guðmundsdóttir sigraði í unglingaflokki, hún sigraði einnig á stökki og slá og varð í 3. sæti á gólfi. Hrund Guðmundsdóttir varð í 3. sæti í fjölþraut í stúlknaflokki, hún varð einnig í 3. sæti á stökki og gólfi og í 2. sæti á slá. Frábært mót hjá öllum Gróttu stelpunum, þær stóðu sig mjög vel og skiluðu sínum æfingum vel á síðasta FSÍ mótinu á þessu tímabili.

## Gunnar tekur við af Ágústi

**Gunnar Andrésson hefur gert þriggja ára samning sem aðalþjálfari meistaraflokks karla hjá Gróttu. Gunnar mun taka við starfinu að loknu þessu leiktímabili en eins og áður hefur komið fram fer núverandi þjálfari Gróttu, Ágúst Þór Jóhannsson, til Danmerkur að þjálfa á næsta ári. Gunnar þjálfaði áður Aftureldingu í Mosfellsbæ og kom þeim upp í N1-deildina fyrir tveimur árum og einnig þjálfaði hann í Sviss við góðan orðstír.**

„Við erum sérlega ánægð með að hafa krækt í Gunnar sem næsta þjálfara meistaraflokks karla og erum viss um að með honum náum við að halda áfram þeirri vegferð sem lagt var af stað í fyrra með Ágústi. Gunnar hefur náð góðum árangri bæði sem leikmaður og þjálfari og erum sannfærð um að hann muni hjálpa okkur í þeirri uppbyggingu sem við vinnum að handboltanum á Seltjarnarnesi" segir Davíð B. Gíslason, varaformaður handknattleiksdeildar Gróttu. „Ég er spenntur að taka við þessu starfi hjá Gróttu" segir Gunnar Andrésson. „Seltirningar hafa náð að skapa góða umgjörð í kringum handboltann og það er margt



Gunnar Andrésson.

spennandi að gerast þar. Meistaraflokkurinn samanstendur að mestu af uppöldum ungum leikmönnum sem eiga framtíðina fyrir sér auk þess sem margir ungir leikmenn eru að koma upp sem munu láta að sér kveða. Það er frábært tækifæri að fá að hafa áhrif á þessa þróun og freista þess að koma meistaraflokki í hóp þeirra bestu á komandi árum"

Handknattleiksdeild Gróttu þakkar Ágústi fyrir mjög gott samstarf og óskar honum alls hins besta í Danmörku og býður Gunnar um leið velkominn á Nesið.

www.grottasport.is

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

1X2
GETRAUNANÚMER GRÓTTU ER
170

# Grótta stendur fyrir Íslandsmeistaramóti í klassískum kraftlyftingum 11. maí nk.

**Eins og margir Seltirningar vita þá hefur áhugi á kraftlyftingum hér á Seltjarnarnesi aukist til mikilla muna á undanförnum árum. Stofnuð var kraftlyftingadeild innan Gróttu í lok árs 2011 og árangur á mótum hefur verið stórkostlegur, bæði einstakra keppenda og Gróttu sem lið en sett hafa verið fjöldi Íslandsmeta og Grótta varð kraftlyftingafélag ársins 2012. Metnaður fyrir áframhaldandi árangri innan félagsins er því mikill, þegar búið að slá fleiri Íslandsmet og vilji til að hefja veg þessarar íþróttar sem hæst þar sem gríðarleg áhersla er lögð á heilbrigði iðkenda að öllu leyti.**

Þann 11. maí næstkomandi stendur Grótta fyrir sínu fyrsta stóra opna móti sem er Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum og haldið verður í íþróttahúsi Seltjarnarness. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem keppt verður í klassískum kraftlyftingum hér á landi en þær eru með aðeins öðru sniði en hefðbundin kraftlyftingar. Í klassískum kraftlyftingum er nefnilega keppt „á kjötinu“ eins og það er kallað þegar keppt er án alls aukabúnaðar það er án sérstakra bróka og bola sem gefa aukinn styrk.

Áhugi á klassískum kraftlyftingum hefur farið vaxandi á norðurlöndunum sem og annars staðar í heiminum á síðustu árum og eru keppnisgreinarnar þrjár eins og venja er, hnébeygja, bekkpressa og réttstöðulyfta. Grótta hafði frumkvæði að því að mót af þessu tagi yrði tekið inn í mótaskrá Kraft og bindur miklar vonir við vinsældir íþróttarinnar hér á landi. Áhugi Íslendinga á lyftingum leynir sér heldur ekki enda leggur stór hópur fólks stund á CrossFit og Boot Camp æfingar. Eitt af markmiðum Kraftlyftingadeildar Gróttu er að kynnar klassískar kraftlyftingar fyrir þeim iðkendum og er búist við því að mikill fjöldi þess háttar iðkenda muni leggja leið sína á Nesið í byrjun maí til að keppa. Skilyrði er þó hafa verið skráður í aðildarfélag innan Kraft að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir mót.

Eins og áður segir þá leggur Kraftlyftingadeild Gróttu mikinn metnað í umgjörð og framkvæmd mótsins. Veitt verða verðlaun fyrir hvern þyngdar flokk og veitt sérgreinaverðlaun það er Íslandsmeistari hnébeygju, bekkpressu og réttstöðu. Ennfremur verða veitt verðslun fyrir stigahæstu konu, karl og lið mótsins en það er bæjarlistamaður Seltjarnarness, Sigríður Heimisdóttir sem sérhannar verðlaunagripina sem verða farandbikarar og munu fylgja klassískum kraftlyftingum næstu árin. Bikararnir eru gjöf Kraftlyftingadeildar Gróttu til Kraftlyftingasambands Íslands – geri önnur lið betur!

Kraftlyftingadeild Gróttu treystir á að Seltirningar troðfylli íþróttahúsið þann 11. maí og styðji sitt heimafólk sem ætlar að keppa, margir í fyrsta sinn. Sýnum hvað í okkur býr og búum til grjótharða stemmningu eins og Gróttufólki einu er lagið – það verður bara gaman :)

# SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS



**Seltirningur mánaðarins er Davíð Garðarsson, hann er uppalinn á Húsatóftum í Skeiðahreppi. Davíð kynntist ungri Seltjarnarnesmær í Þórsmörk. Flutti á Nesið 1986 og sama ár gekk hann í björgunarsveitina Albert, sem sameinaðist svo Ingólfi í Reykjavík og heitir Björgunarsveitin Ársæll í dag. Hann er meðlimur í íslensku alþjóða rústabjörgunarsveitinni og hefur farið í 2 útköll með henni. Hann rekur bílaverkstæðið Eðalbíla ásamt þremur öðrum. Keypti risíbúð 1988 á gömlu Skólabrautinni, Kirkjubraut í dag og bý þar ennþá. Á þrjú börn sem öll hafa gengið í Mýró og Való.**

**Fullt nafn?** Davíð Garðarsson.
**Fæðingard. og ár?** 18. maí 1965.
**Starf?** Bifvélavirkji hjá Eðalbílum.
**Bifreið?** Range Rover 1983 og Renault Clio 2001.
**Helstu kostir?** Þolinmóður.
**Eftirlætis matur?**
Allt sem kemur af lambinu.
**Eftirlætis tónlist?** Sígillt rokk.
Pink Floyd, Led Zeppelin.
**Eftirlætis íþróttamaður?**
Jón Páll Sigmarsson/Jón Arnar Magnússon.
**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**
Top Gear.
**Besta bók sem þú hefur lesið?**
Sven Hasell er alltaf góður
**Uppáhalds leikari?** Al Pacino.
**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Dansar við úlfa.
**Hvað gerir þú í frístundum þínum?**
Björgunarsveitin og ferðast um landið allan ársins hring.
**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?**
Gjáin í Þjórsárdal.
**Hvað metur þú mest í fari annarra?**
Heiðarleika.
**Hvern vildir þú helst hitta?**
John Lennon.
**Uppáhalds vefsíða?**
islandrover.is
**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**
Ný 38" dekk undir jeppann.
**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?** Borga skuldir og fara með fjölskylduna í frí.
**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?**
Klára allt sem viðkemur smábátahöfninni og Gaujabúð í Bakkavörinni.
**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**
Halda góðri heilsu og sinna áhugamálunum.
**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**
Fór til Svíþjóðar með fjölskyldunni og ferðaðist um hálendi Íslands.

# Haraldur áfram formaður Gróttu

**Haraldur Eyvinds var endurkjörinn formaður á aðalfundi Gróttu en aðalfundir félagsins og allra deilda þess voru haldnir í lok marsmánaðar. Nokkrar breytingar urðu í stjórnum félagsins en þær er hægt að sjá á heimasíðu Gróttu www.grottasport.is**



Haraldur Eyvinds.

Ársskýrslur sína að rekstur félagsins og deilda þess er í góðu jafnvægi og íþróttafélagið er sem fyrr stærsta aflið í bæjarfélaginu. Hjá félaginu er nú sem fyrr mikið rætt um nauðsyn þess að hrinda í framkvæmd stækkun á íþróttamiðstöðinni, en undirbúningur að þeirri stækkun hefur staðið í nokkur misseri. Þessi væntanlega stækkun mun nýtast öllum deildum félagins og verða bæjarfélaginu til mikils sóma.



# Meistaraflokkurinn í Svíþjóð

**Meistaraflokkur Gróttu í fótbolta hélt í lok mars í æfingaferð til Kristianstad í Svíþjóð. Æft var við góðar aðstæður á æfingasvæði Kristianstad FF og leiknir tveir æfingaleikir við sænsku liðin Glimåkra og Nåsby.**

Grótta sigraði báða leikina 3-1 eftir að hafa lent undir en í fyrri leiknum skoraði Torfi tvö mörk og Jens eitt en í þeim seinni skoruðu Pétur, Jens og Hrafn eitt mark hver. Strákarnir gerðu einnig margt skemmtilegt til að hrista hópinn saman, til dæmis var farið í verslunarferð til Malmö, kíkt á tónleika með U2 og þá fékk ónefndur leikmaður Gróttuliðsins langþráða ósk uppfyllta þegar hann fór á rúntinn með Margréti Láru Viðarsdóttur landsliðskonu í knattspyrnu um götur Kristianstad. Undirbúningur meistaraflokks hefur gengið vel í allan vetur og verður spennandi að fylgjast með framgangi Gróttuliðsins þegar 2. deildin verður flautuð á þann 10. maí næstkomandi.

# VIÐ ÞORUM AÐ STANDA MEÐ ÍSLENSKUM HEIMILUM

**Við viljum:**

- Vinna úr skulda-vanda heimilanna
- Afnema verð-trygginguna
- Búa til fleiri og betur launuð störf



Framsókn

fyrir HEIMILIN